LÍV Landssamband íslenzkra verzlunarmanna

# Skýrsla stjórnar 2023 – 2025

# Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna frá stofnun

| | | |
|---|---|---|
| **1.** | Stofnfundur 1. - 2. júní 1957 Reykjavík, hús VR að Vonarstræti | |
| **2.** | 8. - 10. maí 1959 | Reykjavík, hús VR að Vonarstræti |
| **3.** | 5. - 7. maí 1961 | Reykjavík |
| **4.** | 3. - 5. maí 1963 | Sauðárkrókur, samkomuhúsið Bifröst |
| **5.** | 7. - 9. maí 1965 | Selfoss, samkomusalur Selfossbíós |
| **6.** | 17. - 19. febrúar 1967 | Reykjavík, hús Slysavarnarfélags Íslands. |
| **7.** | 4. - 6. september 1969 | Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar |
| **8.** | 25.- 27. febrúar 1972 | Reykjavík, Hótel Esja |
| **9.** | 14. - 16. september 1973 | Borgarnes |
| **10.** | 3. - 5. október 1975 | Höfn |
| **11.** | 4. - 6. nóvember 1977 | Reykjavík, Hótel Loftleiðir |
| **12.** | 2. - 4. nóvember 1979 | Stykkishólmur |
| **13.** | 12. - 14. júní 1981 | Reykjavík, Hótel Saga |
| **14.** | 14. - 16. október 1983 | Húsavík, Hótel Húsavík |
| **15.** | 15. - 17. nóvember 1985 | Reykjavík, Hótel Esja |
| **16.** | 13. - 15. nóvember 1987 | Akureyri, Alþýðuhúsið |
| **17.** | 13. - 15. október 1989 | Reykjavík, Hótel Saga |
| **18.** | 24. - 26. maí 1991 | Akureyri, Alþýðuhúsið |
| **19.** | 7. - 9. maí 1993 | Reykjavík, Hótel Saga |
| **20.** | 26. - 28. maí 1995 | Kirkjubæjarklaustur |
| **21.** | 10. - 12. október 1997 | Reykjavík, Grand Hótel |
| **22.** | 7. - 9. maí 1999 | Akureyri, Alþýðuhúsið |
| **23.** | 26. - 27. október 2001 | Reykjavík, Hótel Saga |
| | 3. - 4. maí 2002 Akureyri, Hótel KEA | |
| **24.** | 14. - 15. nóvember 2003 | Reykjavík, Hótel Saga |
| **25.** | 11. - 12. nóvember 2005 | Akureyri, Hótel KEA |
| **26.** | 2. - 3. nóvember 2007 | Reykjavík, Nordica Hótel |
| | 19. - 20. september 2008 | Akureyri, Hótel KEA |
| **27.** | 26. 27. nóvember 2010 | Reykjavík, Nordica Hótel |
| **28.** | 8. - 9. nóvember 2013 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| **29.** | 16. - 17. október 2015 | Akureyri, Hótel KEA |
| **30.** | 13. - 14. október 2017 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| **31.** | 18. - 19. október 2019 | Akureyri, Menningarhúsið Hof |
| **32.** | 14. okt. 2021 | Fjarfundur |
| | 24. - 25. mars 2022 | Hallormsstað, Hótel Hallormsstaður |
| **33.** | 19. - 20. október 2023 | Selfoss, Hótel Selfoss |
| **34.** | 30.-31. október 2025 | Reykjavík, Grand Hótel |

# Efnisyfirlit


ÞING LANDSSAMBANDS ÍSL. VERZLUNARMANNA FRÁ STOFNUN ..... 2
FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS Í AÐILDARFÉLÖGUM LÍV 1. JANÚAR 2023 ..... 4
HLUTFALL LÍV AF VINNUMARKAÐI Í HEILD ..... 6
HEILDARFJÖLDI FÉLAGA ..... 6
ÞRÓUN FJÖLDA FÉLAGSFÓLKS, KYNJASKIPTING OG HLUTFALL AF VINNUMARKAÐI ..... 7
HLUTFALL KVENNA OG KARLA INNAN LÍV ..... 7
STJÓRN LÍV SÍÐASTA KJÖRTÍMABIL ..... 8
STARFSMENNTASJÓÐIR ..... 10
FULLTRÚAR Í STJÓRNUM STARFSMENNTASJÓÐA VR/LÍV ..... 10
STARFSMENNTASTYRKIR SVS ..... 11
KJARAMÁL ..... 17
AÐILDARFÉLÖG ..... 21
MYNDIR FRÁ ÞINGI LÍV Á SELFOSSI 2023 ..... 22
ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS ..... 24
ERLENT SAMSTARF ..... 28
SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA ..... 35
AFL STARFSGREINAFÉLAG – DEILD VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS ..... 36
FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI (FVSA) ..... 37
FRAMSÝN STÉTTARFÉLAG ..... 40
STÉTTARFÉLAGIÐ SAMSTAÐA ..... 42
STÉTTARFÉLAG VESTURLANDS ..... 43
SKÝRSLA VERSLUNARDEILDAR VERKS ..... 46
VERKALÝÐSFÉLAG VESTFIRÐINGA ..... 47
VERKALÝÐSFÉLAG ÞÓRSHAFNAR ..... 49
VERSLUNARMANNAFÉLAG SKAGAFJARÐAR ..... 50
VR ..... 52
ENGLISH SUMMARY ..... 56

## Fjöldi félagsfólks í aðildarfélögum
## LÍV 1. Janúar 2025

| Félög með beina aðild Landsamband verslunarmanna | Greiðandi félagsfólk 2023 | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Karlar | Konur | Annað |
| AFL-Starfsgreinafélag | | 194 | 280 | 1 |
| Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri | | 834 | 1165 | 4 |
| Framsýn, stéttarfélag | | 95 | 140 | 0 |
| Stéttarfélagið Samstaða | | 18 | 35 | 0 |
| Stéttarfélag Vesturlands | | 56 | 98 | 0 |
| Verkalýðsfélag Snæfellinga | | 22 | 44 | 0 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | | 101 | 164 | 0 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | | 1 | 11 | 0 |
| Verslunarmannafélag Skagafjarðar | | 102 | 149 | 0 |
| VR | | 19653 | 21814 | 115 |

| Así - UNG | | | | Gjaldfrjálst félagsfólk | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Karlar | Konur | Annað | Greiðandi samtals | Karlar | Konur | Annað | Samtals | Alls |
| 96 | 113 | 1 | 210 | 13 | 40 | 0 | 53 | 528 |
| 470 | 623 | 4 | 1097 | 133 | 287 | 0 | 420 | 2423 |
| 54 | 49 | 0 | 103 | 0 | 0 | 0 | 0 | 235 |
| 9 | 14 | 0 | 23 | 4 | 12 | 0 | 16 | 69 |
| 31 | 34 | 0 | 65 | 7 | 8 | 0 | 15 | 169 |
| 18 | 24 | 0 | 42 | 0 | 0 | 0 | 0 | 66 |
| 55 | 69 | 0 | 124 | 0 | 0 | 0 | 0 | 265 |
| 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| 68 | 81 | 0 | 149 | 38 | 79 | 0 | 117 | 368 |
| 9415 | 9373 | 93 | 18881 | 1634 | 2748 | 00 | 4382 | 45964 |
| | | | | | | | | 50099 |

| Heildarfjöldi félaga | Heildar-fjöldi 1.jan 24 | Heildar-fjöldi 1.jan 25 | Breyting |
|---|---|---|---|
| AFL-Starfsgreinafélag | 485 | 528 | 43 |
| Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri | 2450 | 2423 | -27 |
| Framsýn, stéttarfélag | 215 | 235 | 20 |
| Stéttarfélagið Samstaða | 57 | 69 | 12 |
| Stéttarfélag Vesturlands | 153 | 169 | 16 |
| Verkalýðsfélag Snæfellinga | 60 | 66 | 6 |
| Verkalýðsfélag Vestfirðinga | 269 | 265 | -4 |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar | 15 | 12 | -3 |
| Verslunarmannafélag Skagafjarðar | 368 | 368 | 0 |
| VR | 45039 | 45964 | 925 |

## Hlutfall innan LÍV



## Hlutfall atvinnugreina innan LÍV



## Stjórn LÍV síðasta kjörtímabil

**Formaður**
Ragnar Þór Ingólfsson 2023-2024
Eiður Stefánsson 2024-2025

**Aðalmenn í framkvæmdastjórn til 2ja ára**
Anna Halldórsdóttir, Stéttarfélag Vesturlands
Eiður Stefánsson, FVSA, varaformaður 2023-2024
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar - Ritari
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR
Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland - Varaformaður 2024-2025
Ólafur Reimar Gunnarsson, VR
Bjarni Þór Sigurðsson, VR, 2024-2025

**Varamenn**
Bjarni Þór Sigurðsson, VR, 2023-2024
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Elva Héðinsdóttir, Framsýn stéttarfélag
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR
Jac Norðquist, VR
Margrét J. Birkisdóttir, Verkalýðsfélag Vestfjarða

**Verkaskipting stjórnar**
Eiður Stefánsson var kjörinn varaformaður til tveggja ára og Hjörtur Geirmundsson ritari sambandsins. Eiður Stefánsson tók við formennsku LÍV í október 2024 í kjölfar framboðs Ragnars Þórs Ingólfssonar til Alþingis. Á stjórnarfundi 5. desember 2024 sagði Ragnar Þór Ingólfsson sig frá trúnaðarstörfum fyrir LÍV og í kjölfarið var Kristín María Björnsdóttir kosin varaformaður í stað Eiðs Stefánssonar. Jafnframt varð Bjarni Þór Sigurðsson að aðalmanni í stjórn við sama tækifæri. Í kjölfar breytinga á formennsku hjá VR tók Halla Gunnarsdóttir sæti sem áheyrnarfulltrúi í stjórn sambandsins samkvæmt hefð um að formaður VR eigi sæti á stjórnarfundum sambandsins.

**Skrifstofan**
LÍV hefur aðstöðu á skrifstofu VR í Kringlunni 7, Reykjavík en VR hefur séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt þjónustusamningi, sem var endurnýjaður árið 2014. Samkvæmt honum eru tekjur til sambandsins hlutfall af grunnfjárhæð á innheimtum skatttekjum LÍV og aukast í hlutfalli við fjölgun félagsfólks. Starfsfólk LÍV á tímabilinu voru Ragnar Þór Ingólfsson, formaður í 37,5% starfi, Eiður Stefánsson, formaður í 37,5% starfi og Sigmundur Halldórsson í 50% starfi.

**Fundir**
Stjórn hefur haldið áfram að nýta fjarfundi til stjórnarfunda með góðum árangri, en tók þá ákvörðun 2025 að fjölga staðfundum sem að jafnaði verði þá þrír á ári. Kostir fjarfunda eru þeir að ferðalög minnka og þar með kolefnisfótspor LÍV. Hins vegar er mikilvægt að stjórn geti haldið staðfundi þar sem þeir auka á tengsl þeirra sem sitja í stjórn LÍV og umræður eru með öðrum hætti. Svipuð þróun hefur verið í alþjóðasamstarfi LÍV þar sem fundir eru bæði stað- og fjarfundir. Jafnframt hefur fjarfundarformið verið nýtt á árinu 2025 til þess að halda styttri kynningar og upplýsingafundi. Á kjörtímabilinu heimsótti Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV, félög og deildir innan LÍV og sótti heim Afl og sat fund í stjórn Afls, Framsýn þar sem hann hitti bæði formann félagsins og verslunardeildar, Verkalýðsfélag Vestfirðinga þar sem hann hitti bæði formann félagsins og verslunardeildar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar þar sem hann hitti formann og fulltrúa úr stjórn og sat stjórnarfund í Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Í kjölfar þess að Eiður Stefánsson tók við formennsku hefur LÍV aukið framboð á kynningarfundum fyrir félögin, sem mælst hefur vel fyrir.

**Formannafundur 24. maí 2022**
Boðað var formannafundar til þess að ræða kröfugerð fyrir kjarasamninga 2022 og var fundurinn blandaður fundur sem haldin var bæði á staðnum og í fjarfundi. Á fundinum var kynning á lýðræðisvæðingu fyrirtækja og farið yfir fjarvinnu sem var áberandi í heimsfaraldrinum og ljóst að hér þurfi hreyfingin að stíga inn til þess að tryggja bæði starfsaðstöðu og réttindi starfsfólks sem starfar í fjarvinnu.  Auk þess sem farið var yfir efnahagshorfur og væntanlegt svigrúm við gerð kjarasamninga. Urðu umræður um reynslu af lífskjarasamningunum, húsnæðismálin, veikindarétt og stöðu fólks sem er undir 16 ára aldri. Á þessum fundi var samþykkt að leggja það til að samningarnefnd LÍV væri skipuð formönnum þeirra

félaga og deilda sem fela LÍV samningsumboð sitt og að formaður samninganefndar verður formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA). Jafnframt var kröfugerð LÍV/VR samþykkt.

Alls sátu fundinn 9 fulltrúar frá 8 aðildarfélögum LÍV.

**Fræðslufundur 2024**
LÍV hefur mótað þá stefnu að halda  fræðslufundi annað hvert ár fyrir starfsfólk og stjórnir aðildarfélaga LÍV, sem séu staðfundir það ár sem ekki er haldið sambandsþing.. Í maí 2024 var fræðslufundur haldinn á Fosshótel Húsavík og sóttu fundinn á vegum LÍV þau Bryndís Guðnadóttir, sviðsstjóri kjaramálasviðs VR, Þorsteinn Sveinsson, sérfræðingur á kjaramálasviði VR, Selma Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri SVS, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV og Sigmundur Halldórsson, alþjóðafulltrúi LÍV. Kynntu sérfræðingar kjaramálasviðs VR nýgerða kjarasamninga og hvernig taka beri á eineltismálum. Greinargóð kynning var haldin á starfi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og þeim réttindum sem standa í boði  auk áskorana sem tengjast umsóknum. Farið var yfir alþjóðasamstarf LÍV og hvernig það nýtist í starfi LÍV og aðildarfélaga. Fræðslufundir eru mikilvægir til þess að deila þekkingu og með staðfundum myndast mikilvægt tengsl milli aðildarfélaga innan LÍV.

**Formannafundir 2025**
Tveir formannafundir voru haldnir á árinu 2025, sá fyrri fór fram í fjarfundi í janúar 2025 þar sem farið var yfir rekstrarsamning LÍV við VR, stöðu kjarasamninga og fyrstu drög að breytingum á lögum LÍV. Drögin voru kynnt fyrir félögin og jafnframt boðað til fundar til þess að fara yfir mögulegar athugasemdir eða breytingatillögur. Sá fundur fór svo fram í maí 2025 þar sem kynnt var staðsetning á LÍV þinginu og farið yfir athugasemdir við framkomnar tillögur um lagabreytingar. Voru drögin í kjölfarið samþykkt og verða þau lögð fram á þingi LÍV í október 2025 til samþykktar.

**Fræðslufundur 2025**
Fræðslufundur var haldin í fjarfundi í maí og endurspeglar það ákvörðun stjórnar um að halda beri fræðslufund í fjarfundi á því ári sem þing LÍV ber upp. Var á fundinum farið yfir þróun kjarasamninga þar sem sérfræðingar VR héldu kynningu og  var einnig farið yfir það sem er efst á baugi í starfsmenntamálum. Bryndís Guðnadóttir, sviðsstjóri kjaramálasviðs VR, Þorsteinn Sveinsson, sérfræðingur á kjaramálasviði VR og Selma Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri SVS héldu kynningar á fundinum.



Stjórn LÍV frá vinstri: Hjörtur Geirmundsson, Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland, Bryndís Kjartansdóttir, Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Eiður Stefánsson, Kristín María Björnsdóttir

## Fulltrúar í stjórnum starfsmenntasjóða VR/LÍV

**Stjórn SVS 2023:**
Björg Ársælsdóttir, SA, Eiður Stefánsson, LÍV, stjórnarformaður (til október 2023), Hugrún Elvarsdóttir, SA, Ragna Vala Kjartansdóttir, SA, stjórnarformaður (frá október 2023), Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR. Sigurður Sigfússon, VR fór úr stjórn SVS í maí 2023 og í hans stað kom Ólafur Reimar Gunnarsson, VR. (frá maí 2023).

**Til vara:**
Gils Einarsson, LÍV, Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR, Heiðrún Björk Gísladóttir, SA og Maj-Britt Hjördís Briem, SA.

**Stjórn SVS 2024:**
Björg Ársælsdóttir, SA, Eiður Stefánsson, LÍV, Hugrún Elvarsdóttir, til júní 2024, SA, Maj-Britt Hjördís Briem, frá júní 2024, SA, Ragna Vala Kjartansdóttir, stjórnarformaður, SA, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR, Ólafur Reimar Gunnarsson, VR.

**Til vara:**
Gils Einarsson, til apríl 2024, LÍV, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, frá apríl 2024, LÍV, Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR, Heiðrún Björk Gísladóttir, SA, Maj-Britt Hjördís Briem, til maí 2024, SA.

**Starfsfólk:**
Selma Kristjánsdóttir og Signý Aðalsteinsdóttir

**Stjórn SV 2021 og 2022:**
Árni Leósson, VR, fór úr stjórn SV í mars 2023 og við tók Steinunn Böðvarsdóttir, VR sem gegndi formennsku bæði árin, Selma Kristjánsdóttir VR/LÍV, Anna Kristín Kristjánsdóttir, FA og Bjarndís Lárusdóttir, FA.

STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNARINNAR
FA, VR & LÍV

## Starfsmenntastyrkir SVS

Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam kr. 973.118.347 og hækkar um rúmar 216 milljónir króna milli áranna 2023 og 2024, eða um 22%. 1. janúar 2024 hækkuðu upphæðir styrkja í SVS sem skýrir þessa miklu hækkun milli ára. Einstaklingar sem fengu greidda styrki 2024 voru 8.667 talsins og fjölgaði um 634 frá árinu áður, en þá fengu 8.033 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd hér neðar.

V i ð

**Fjöldi einstaklinga sem fá styrki**




greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2024 hækkaði um tæplega kr. 8.000 milli ára, úr kr. 74.549 í kr. 82.508.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 1.119.954.056 árið 2024 og úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru alls kr. 1.155.455.501. Árið 2023 voru greidd iðgjöld 1.055.671.916 og úthlutaðir styrkir úr sjóðnum alls kr. 961.820.604

Greiddir styrkir sjóðsins eru hærri en greidd iðgjöld á árinu 2024, eða 103%. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar sjóðsins miðar að því að 90% af iðgjöldum sjóðsins nýtist beint í styrki til hæfniaukningar fyrir félagsfólk sjóðsins og fyrirtæki sem að sjóðnum standa. Útgreiðsla styrkja hefur aukist undanfarin ár og á árunum 2018 - 2021 fór útgreiðsla styrkja yfir framlög iðgjalda og hélst þannig til ársins 2022. Greiðsla styrkja minnkaði hlutfallslega árin 2022 og 2023 og eftir breytingu og samþykki á hærri einstaklingsstyrk sem tók gildi í upphafi árs 2024 fer hlutfallið eins og áður segir í 103%.

Greiddir styrkir til fyrirtækja og samtaka ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni" voru samanlagt tæplega 170 milljónir króna árið 2024 á móti rúmlega 140 milljónum króna 2023 og er hlutfall þeirra 15% af heildarstyrkjum sjóðsins en var 16% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja og samtaka hækkaði um tæplega 40 milljónir milli ára eða um 22%. Breytingar sjóðsins gagnvart fyrirtækjum árið 2021 eru sannarlega að skila sér í aukningu á styrkveitingum til fyrirtækja. Að auki héldu starfsmenntasjóðirnir sem standa að Áttinni áfram í markaðsátaki á vitundarvakningu fyrirtækja á vefgáttinni www.attin.is og möguleikum fyrirtækja að sækja um styrki vegna fræðslu og hæfniaukningar starfsfólks í sjóðina á skilvirkan og einfaldan máta.

Á árinu 2024 varð 15% aukning á fjölda fyrirtækjastyrkja milli áranna 2023 og 2024.

Árið 2023 var metár í fjölda fyrirtækjastyrkja þar sem fjölgun milli áranna 2022 og 2023 var 50% milli ára. Árið 2024 er jafnframt nýtt metár sjóðsins í fyrirtækjastyrkjum eða með samtals 998 samþykkta fyrirtækjastyrki á móti 851 árið 2023. Fjöldi þeirra fyrirtækja sem sækja um í sjóðinn fer fjölgandi milli ára. Á árinu 2024 voru samtals 339 fyrirtæki sem fengu samþykktan styrk frá sjóðnum á móti 294 fyrirtækjum árið 2023, eða fjölgun um 45 fyrirtæki. Fyrirtæki sækja um styrk í sjóðinn gegnum www.attin.is þar sem afgreiðslu styrkja til fyrirtækja er sinnt samkvæmt þjónustusamningi SVS við VR.

**Iðgjöld og styrkir**




**Hlutfall styrkja af iðgjöldum**



# Einstaklingar

## 2024

- Viðmið sett fram varðandi styrkhæfni í íslenskukennslu.
- Viðmið sett fram varðandi styrkhæfni í sjálfsstyrkingu.
- Skerping á viðmiðum gagnvart stjórnendaþjálfun.
- Skerping á orðalagi í reglum gagnvart félögum á örorkulífeyri.
- Breyting á reglu 19 - skerping á viðurlögum sjóðsins.

## 2023

- Hækkun á einstaklingsstyrkjum í 180.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Uppsöfnun hækkar upp í 540.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Ferðastyrkur hækkar í 50.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Tómstundastyrkur hækkar í 40.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.
- Sameiginlegur styrkur hækkar í 800.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.

## 2022

- Ferða- og gistikostnaður fellur undir skilgreiningu á ferðastyrk frá 1. janúar 2023.

## 2021

- Yfirlitsskjal yfir leiðirnar þrjár sett fram.
- Yfirlitsskjal yfir hvað er styrkhæft.

## 2020

- Viðmið um hvað er námskeið af hálfu sjóðsins sett í reglur sjóðsins.

## 2017

- Hækkun á veittum styrk. 90% af reikningi – 130.000 kr. og 390.000 kr. í uppsöfnun. Tómstund 50% – 30.000 kr. og ferðastyrkur 50% – 40.000 kr. Hægt að nýta uppsafnaðan ferðastyrk – 120.000 kr
- Tómstund hefur ekki áhrif á uppsöfnun.
- Raunfærnimat þeirra sem falla utan markhóps FRÆ styrkhæft sem starfstengdur styrkur.

## 2016

- Námskeið skilgreind. Forvörn styrkhæf, ekki meðferð.
- Uppsöfnun tekur gildi. 270.000 kr. ef styrkur hefur ekki verið nýttur í 36 mánuði.

## 2014

- Tveggja ára aðlögunartímabil hefst, val á milli stiga eða réttar.
- Breytingar á reglum byggja á rétti í sjóðinn.
  Mögulegur starfstengdur styrkur er 75% af reikningi – hámark 90.000 kr.

# Fyrirtæki

## 2024

- Breyting á fyrirkomulagi lækkaðs iðgjalds. Gildistími er 12 mánuðir, eingöngu fyrirtæki sem greiða a.m.k. 4 millj. í iðgjöld á ársgrundvelli og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári eða í febrúar ár hvert.
  Tekur gildi 1. janúar 2025.
- Breyting á greiðslufyrirkomulagi á Fræðslustjóra að láni verkefni sjóða. Samþykkt að sjóður greiðir 50% á móti fyrirtæki. Tekur gildi 1. janúar 2025.
- Hvatastyrkur til fyrirtækja felldur niður.
- Styrkur til námsefnisgerðar innan fyrirtækis hækkaður í 400.000 að hámarki 4 styrkir á ári.
- Breyting á reglu um  stafræna fræðslupakka - fyrirtæki þurfa að sýna fram á virkni þátttakenda - skerping á viðmiðum.

## 2023

- Árlegur réttur fyrirtækja hækkaður upp í 4.000.000 kr., tekur gildi 1. janúar 2024.

## 2022

- Samþykkt að hækka fyrirtækjastyrki úr kr. 130.000 per einstakling í kr. 390.000 frá og með 1. janúar 2023.
- Markaðsherferð Áttarinnar fer af stað, 12 mánaða verkefni.

## 2019

- Úttekt unnin á Fræðslustjóra að láni – samstarfsverkefni sjóða.
- Hækkun og breyting á rétti fyrirtækja og útgreiðslu styrkja til fyrirtækja samþykkt. 90% greidd af reikningi, hámark 130.000 kr. per. einstakling. Réttur fyrirtækja 3 milljónir á ári. Tekur gildi 1. janúar 2020.
- Rafrænt námsumhverfi styrkhæft.
- Stutt sérstaklega við rafræna fræðslu innan fyrirtækja.

## 2018

- Aðildarfélögum heimilt að sækja um sérstaka styrki til sjóðsins vegna fræðslu félagsfólks.

## 2017

- Sameiginlegur styrkur fyrirtækja og starfsfólks – ef nám 500.000 kr. eða hærra (diplómanám undanþegið).
- Viðmiðunartala á innri fræðslu við afgreiðslu á lækkuðu iðgjaldi hækkuð úr 7.500 kr. í 12.500.

## 2016

- Fræðslustjóri að láni ekki dreginn af rétti fyrirtækis.

## 2015

- Vinna hefst við sameiginlega vefgátt starfsmenntasjóða – Áttin.is.
- Fræðslustjóri að láni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samþykktur.
- Áttin – sameiginleg vefgátt fyrirtækja aðgengileg til notkunar.
- Styrkur til fyrirtækja hækkaður úr 30.000 kr. í 50.000 kr. per einstakling.

# Þróunarvinna

## 2024

- Hæfnigreining starfa, starf gjaldkera og almennur bókari.

## 2023

- Hæfnigreiningar starfa í verslun og þjónustu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sér um framkvæmd fyrir SVS.

## 2022

- Ný vefsíða SVS fer í loftið.
- Upplýsingar aðgengilegar á ensku og pólsku.
- Myndabanki SVS.

## 2021

- Þátttaka í þróun á Stafrænu hæfnisetri með VR, SVÞ og HR.

## 2018 - 2021

- Fagnám verslunar og þjónustu – fagbréf. Samstarfsverkefni SVS/VR, SVÞ, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis símenntunar og Verzlunarskóla Íslands. Námið er í boði hjá Verzlunarskóla Íslands.
- Sameiningarviðræður við SV enn í gangi.

## 2018

- Rannsókn meðal fyrirtækja og trúnaðarmanna á viðhorfi til náms í verslun.
- Niðurgreiðsla til fyrsta hóps í Diplómanámi – 50.000 kr., svo 25.000 kr. síðan er því hætt.
- Forystubraut SVÞ og Tækniskólans. Varð síðar Stafræn viðskiptalína á viðskiptabraut hjá Verzlunarskóla Íslands 2019.
- Samstarfsverkefni með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar – fræðsluþörf fyrirtækja í ferðaþjónustu.

## 2017

- Rýnihópavinna – karlar 35+ og sókn þeirra í sjóðinn.
- Þróun á Diplómanámi í verslunarstjórnun og viðskiptafræði HR og Bifröst. Samstarf með SVÞ.

## 2015

- Áttin – þróunarvinna.

## 2014 - 2016

- Rannsókn unnin á vegum sjóðsins á ávinningi SVS fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

## 2014

- Þróun á rafrænni nálgun varðandi afgreiðslu fyrirtækjastyrkja.

## Kynningarmál

Áframhaldandi vinna við kynningarmál á árunum 2023 og 2024 hefur sérstaklega verið í formi þess að uppfæra efni sjóðsins og framsetningu á viðmiðum og reglum á vefsíðu sjóðsins á www.starfsmennt.is. Sjóðurinn er sýnilegur á samfélagsmiðlum með reglulegum kostuðum auglýsingum þar sem skerpt er á leiðunum þremur og hvað er styrkhæft í sjóðinn.
Sameiginlegt markaðsátak starfsmenntasjóðanna sem standa að www.attin.is heldur áfram og frekari upplýsingagjöf til fyrirtækja vegna fyrirtækjastyrkja.

## Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2023 bættust sex fyrirtæki í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og tíu þar til viðbótar árið 2024.

Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins / Félags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Afurð verkefnisins er fræðsluáætlun sem fyrirtækið fylgir eftir.

## Þróun náms í verslun og þjónustu - Þrepaskipt nám í höfn

Sjóðurinn hefur með samstarfi um Stafrænu viðskiptalínunnar, Fagnám verslunar og þjónustu og Diplómanámsins í viðskiptafræði og verslunarstjórnun stuðlað að þrepaskiptu námi í verslun og þjónustu og stutt þar með við áframhaldandi nám fyrir þá sem starfa og vilja starfa í greininni.




## Viðskiptabraut - Stafræn viðskiptalína til stúdentsprófs

Stafræn viðskiptalína hjá Verzlunarskóla Íslands er námsbraut til stúdentsprófs þar sem nemendum gefst kostur á starfsnámi á lokaári sínu í samstarfi við fyrirtæki. Fyrsti árgangur fór af stað haustið 2020 og útskrifuðust 25 nemendur vorið 2022. Einn bekkur er í gangi á hverju aldursári eða þrír í senn og komast færri að en vilja. Mikil ánægja er með Stafrænu viðskiptalínuna samkvæmt talsmanni Verszlunarskólans, sem talin er góð viðbót við viðskiptabrautir innan Verzlunarskóla Íslands. Margir nemendur segjast hafa valið þessa námslínu vegna vinnustaðanámsins og sjá alls ekki eftir því.

## Fagnám verslunar og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í Fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi við Mími og Verzlunarskóla Íslands, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Námið er 90 eininga nám á framhaldsskólastigi og er blanda af fjarnámi hjá Verzlunarskóla Íslands og vinnustaðanámi sem fer fram í fyrirtækjunum. Fyrirtæki gerist aðili að verkefninu með því að skilgreina 15 eininga vinnustaðanám sem er sérhæft viðkomandi vinnustað. Undanfarin ár hafa nýir vinnustaðir bæst í hóp fyrirtækja og eru fyrirtækin orðin 13 sem hafa tekið þátt. Raunfærnimat er í boði fyrir umsækjendur sem búið er að samþykkja til þátttöku í námið. 68 nemendur voru skráðir í námið í lok árs 2024 frá 11 fyrirtækjum. Þar af voru 34 virkir og 34 ætla að taka upp þráðinn síðar. 22 nemendur hafa útskrifast úr Fagnámi verslunar og þjónustu og 5 hafa þar að auki lokið stúdentsprófi.

Fulltrúi sjóðsins situr í stýrihópi Fagnáms verslunar og þjónustu sem fundar reglulega.

## Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína árið 2018 og eru einingar tryggðar í áframhaldandi nám í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. 29 einstaklingar hafa lokið diplómanáminu frá upphafi og eru 15 nemendur virkir í náminu. Háskólinn á Bifröst býður einnig upp á BS nám í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun í verslun og þjónustu þar sem sameinaðar eru kenningar úr viðskiptafræði, verslunarfræðum, þjónustufræðum og markaðsfræði.

## Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Starfsmenntasjóðurinn tekur jafnframt þátt í samstarfsverkefnum á vegum Hæfniseturs ferðaþjónustunnar ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

## Önnur þróunar- og nýsköpunarverkefni

**Árið 2023 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:**

- Menntadagur atvinnulífsins 2023
- Áframhaldandi samstarf í verkefni Hæfniseturs ferðaþjónustunnar tengdu fræðslu og ráðgjöf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki
- Námsbók í íslensku fyrir Víetnama
- Mínar síður á hæfnigreiningartól Effect

**Árið 2024 voru eftirfarandi verkefni styrkt og skilgreind sem þróunarstyrkir:**

- Menntadagur atvinnulífsins 2024.
- Samstarfssamningur VR/LÍV um aukna hæfni og þekkingu starfsfólks í verslun og þjónustu.
- Bara tala í boði fyrir nemendur á íslenskunámskeiðum hjá Símey.
- Gerum betur ehf. - Do's and dont´s for welcoming foreigners.
- Handbók fyrir starfsfólk í verslun og ferðaþjónustu.
- Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og ferðamálastofa - Þróun stafrænna verkfæra og stuðningsefni til ferðaþjónustunnar.
- Laufin ehf. - fræðsluefni.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - hæfnigreiningar fyrir starf almenns bókara og starf gjaldkera.
- Færni til framtíðar - þróunarverkefni í samstarfi við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, fræðsluáætlun til lítilla ferðaþjónustufyrirtækja.

Ársskýrsla SVS 2023 og 2024 eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.



Frá þingi LÍV á Selfossi 2023

Framan af gerðu þau félög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ), sem voru með lausa samninga 1. febrúar 2024, tilraun til að koma saman að samningaborðinu. Meirihluti félagsfólks Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) og VR vildi fara blandaða leið við hækkun launa í samningum. Engu að síður var það mat samninganefndar LÍV og VR að til mikils væri að vinna að ná saman með öðrum ASÍ félögum sem kusu frekar krónutöluhækkun, og því féllst nefndin á að taka þá stefnu. Þegar ekki náðist eining meðal ofangreindra félaga hófst samstarf Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, Samiðnar, VR, Eflingar og Starfsgreinasambands Íslands. Bandalagið nefndist breiðfylking og var fyrsti fundur með Samtökum atvinnulífsins (SA) haldinn hjá ríkissáttasemjara þann 28. desember 2023. Samningsaðilar voru sammála um að markmiðið með nýjum samningi yrði að ná niður mikilli verðbólgu og háu vaxtastigi sem komið hefur hart niður á bæði heimilum og fyrirtækjum.

Viðræður þokuðust hægt milli aðila og þann 25. janúar 2024 var komið að krossgötum eftir að SA lagði fram tilboð um lægri launahækkanir en í áður framlögðu tilboði af þeirra hálfu frá 17. janúar. Slík framganga í kjaraviðræðum er fáheyrð og því tók breiðfylkingin ákvörðun um að vísa kjaradeilunni formlega til ríkissáttasemjara.

Yfirlýst andstaða SA við forsenduákvæðum í löngum samningi varð til þess að þann 9. febrúar 2024 lýsti breiðfylkingin yfir árangursleysi viðræðna.
Þann 23. febrúar 2024 sögðu Landssamband íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) og VR sig frá samstarfi breiðfylkingarinnar m.a. vegna ágreinings um grundvöll forsenduákvæða sem snéru að vörnum fyrir launafólk í langtímasamningi og möguleika til endurskoðunar á samningnum.

LÍV og VR stóðu þarna utan þeirra viðræðna sem fóru fram í Karphúsinu og settu á fót nýja viðræðunefnd. Í henni áttu sæti Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Selma Björk Grétarsdóttir og Þórir Hilmarsson fyrir hönd VR og Eiður Stefánsson fyrir hönd LÍV.

Atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls meðal félagsfólks VR sem starfar hjá farþega- og hleðsluþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli var samþykkt 11. mars 2024.

Tilgangur slíkra aðgerða var að knýja á um breytingar á kjörum þessa hóps en helmingur þeirra 150 sem starfa við farþegaafgreiðslu Icelandair er gert að lækka starfshlutfall sitt yfir vetrarmánuðina úr 100% í 76%. Ólíkt öðru starfsfólki sem sinnir störfum tengdum flugi í Keflavík vinnur það ekki alla jafna á 12 tíma vöktum heldur á svo kölluðum „stubbavöktum“ þar sem því er gert að mæta til vinnu að vetri milli kl. 5:00 og 9:00 að morgni, og síðan aftur á milli kl. 13:00 og 17:00. Samninganefnd VR lýsti yfir von sinni að hægt væri að leysa þessi mál án þess að grípa til verkfalla og tryggja þannig sjálfsagðan rétt starfsfólks til samfellds vinnutíma.

Samtök atvinnulífsins brugðust við tilraunum VR til þess að ná fram tímabærum úrbótum fyrir sitt félagsfólk með því að boða til atkvæðagreiðslu um verkbann sem átti að ná til alls skrifstofufólks innan VR. Atkvæðagreiðsla meðal aðildarfélaga SA átti að standa frá 12. mars 2024 til 14. mars 2024.

Fyrirhugað verkbann átti að hefjast á sama tíma og verkfallsaðgerðir VR, þann 22. mars 2024. Samninganefnd VR og LÍV fordæmdi ákvörðun SA um að boða til atkvæðagreiðslu um verkbann í yfirlýsingu þann 12. mars og lýsti henni sem ofsafengnum viðbrögðum við sjálfsögðum kröfum fámenns hóps.

### Nýir kjarasamningar undirritaðir

VR og LÍV skrifuðu undir kjarasamning aðfaranótt fimmtudagsins 14. mars 2024. Fallið var frá áformum um verkföll og verkbann en bókun sett í samning um að vinna að breyttu vaktafyrirkomulagi hjá starfsfólki í farþegaafgreiðslu Icelandair.

## NÝIR KJARASAMNINGAR

Í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins var samið um launahækkanir í formi hlutfallshækkunar og lágmarkskrónutöluhækkunar. Fyrsta launahækkunin tekur gildi frá 1. febrúar 2024 og munu laun hækka á hverju ári samningstímabilsins (sjá nánar um launahækkanir fyrir neðan).

Þá kveða samningarnir á um aukinn orlofsrétt launafólks, hækkun desember- og orlofsuppbótar og margt fleira. Markmið samninganna er að auka kaupmátt launafólks með því að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Gildistími beggja aðalkjarasamninga félagsins er frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028. Hér að neðan er fjallað um helstu atriði samninganna og er miðað við samning VR og SA, nema annað sé tekið fram.

### Meginmarkmið

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks.

## Launahækkanir

Launahækkanir samningsins eru í formi hlutfallshækkunar og lágmarkskrónutöluhækkunar og verða sem segir:

- Þann 1. febrúar 2024 hækka laun um 3,25% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2025 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2026 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.
- Þann 1. janúar 2027 hækka laun um 3,50% en þó um 23.750 kr. að lágmarki.

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka jafnframt samhliða almennum launahækkunum með samsvarandi hætti.

## Kauptaxtar

Nýjar launatöflur fylgja samningnum, vegna áranna 2024- 2027.

## Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2024 106.000 kr.
- Á árinu 2025 110.000 kr.
- Á árinu 2026 114.000 kr.
- Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.
- Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

## Orlof

Samið var um aukinn orlofsrétt og verða breytingar gerðar í tveimur skrefum.

Frá og með 1. maí 2024 breytist gr. 4.3 um orlofsauka og verður sem hér segir
(orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025)

- Starfskraftur sem starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði í sama fyrirtæki eftir framhaldsskólapróf skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og skulu orlofslaun vera 10,64%.
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfskraftur hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%.
- Eftir 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfskraftur hafa 27 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,59%.
- Eftir 7 ár í sama fyrirtæki skal starfskraftur hafa 30 daga orlof og skulu orlofslaun vera 13,04%.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur.

- Frá og með 1. maí 2025 breytist gr. 4.3 um orlofsauka og verður sem hér segir (orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026):
- Starfskraftur sem starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki og náð hefur 22 ára aldri eða í 6 mánuði í sama fyrirtæki eftir framhaldskólapróf skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og skulu orlofslaun vera 10,64% (óbreytt frá 1. maí 2024).
- Eftir 5 ár í sömu starfsgrein skal starfskraftur hafa 26 daga orlof og skulu orlofslaun vera 11,11%.
- Eftir 4 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal starfskraftur hafa 28 daga orlof og skulu orlofslaun vera 12,07%.
- Eftir 6 ár í sama fyrirtæki skal starfskraftur hafa 30 daga orlof og skulu orlofslaun vera 13,04%.
- Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir tveggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi hann verið sannreyndur (óbreytt frá 1. maí 2024).

**Framleiðniauki og kauptaxtaauki**
Samið var um framleiðniauka, sem er viðbótar hækkun launa sem kemur til greiðslu á samningstímanum ef framleiðni eykst umfram 2% á árunum 2025 og 2026.

Þá var samið um að sérstök launa- og forsendunefnd myndi í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um mögulegan kauptaxtaauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta. Kauptaxtaaukinn reiknast þá sem hlutfall umframhækkunar þeirra vísitölu samanborið við lægstu taxta. Komi samhliða til greiðslu framleiðniauki og kauptaxtaauki skulu lágmarkskauptaxtar taka þeim auka sem hærri er hverju sinni.

**Önnur mál**
Meðal annarra mála í nýjum kjarasamningum er kafli um fjarvinnu sem skilgreinir hvað felst í slíku vinnufyrirkomulagi og kveður á um að gera skal skriflegt samkomulag um reglubundna fjarvinnu. Fjarvinnusamkomulag skal m.a. kveða á um hvernig atvinnurekandi bætir eða greiðir beinan kostnað sem stafar af fjarvinnu og sér starfskrafti fyrir viðeigandi tæknilegri aðstoð.

Þá var samið um að starfsfólk skyldi hafa rétt til þess að verja allt að 16 dagvinnustundum á ári til setu á fagtengdum námskeiðum án skerðingar launa. Jafnframt náðist samkomulag um að heimilt væri að kjósa þrjá trúnaðarmenn innan fyrirtækis ef fjöldi félagsfólks er meiri en 120 á sömu starfsstöð.

**Forsenduákvæði**
Til að styrkja markmið kjarasamninganna um minnkun verðbólgu, lækkun vaxta og aukinn kaupmátt launafólks mun sérstök launa- og forsendunefnd taka til starfa, skipuð fulltrúum SA og fulltrúum tilnefndum af samninganefndum þeirra aðildarfélaga ASÍ sem standa að sameiginlegum samningsforsendum.

Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með framvindu þeirra þátta í efnahagslífinu sem áhrif geta haft á markmið samningsins, leggja formlegt mat á forsendur þeirra, og eftir atvikum semja viðbrögð við forsendubresti. Formlegt mat á samningsforsendum fer fram í september 2025 og september 2026.



Forsendur kveða á um að tiltekin verðbólgumarkmið séu uppfyllt og að stjórnvöld standi við gefin loforð og komið lagabreytingum í gegn sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 7. mars 2024 kveður á um.

Komist launa- og forsendunefnd að þeirri niðurstöðu að skilgreindar forsendur séu brostnar skal hún semja um viðbragð sem hefur jákvæð áhrif á framvindu þeirra markmiða sem samningsaðilar hafa sett sér. Ef samkomulag næst hins vegar ekki um viðbrögð við forsendubresti hafa samningsaðilar rétt til þess að segja samningnum upp með eftirfarandi hætti:

- Vegna endurskoðunar í september 2025 skal tilkynna uppsögn samnings fyrir kl. 16:00 þann 8. október 2025 og fellur samningurinn þá úr gildi þann 31. október 2025.
- Vegna endurskoðunar í september 2026 skal tilkynna uppsögn samnings fyrir kl. 16:00 þann 8. október 2026 og fellur samningurinn þá úr gildi þann 31. október 2026.

**Atkvæðagreiðslur um samninga**

VR og LÍV boðuðu til leynilegrar rafrænnar atkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninga. Atkvæðagreiðsla hófst kl. 10:00 mánudaginn 18. mars 2024 og lauk kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 21. mars. 2024.
Kjarasamningur var samþykktur af öllum félögum og deildum innan LÍV

**Aðrir kjarasamningar**

Samhliða aðalkjarasamningum voru sérkjarasamningar VR, LÍV og SA gerðir og allir samþykktir.
Kjarasamningur VR, LÍV við FA var undirritaður þann 14. mars 2024 og samþykktur í kjölfarið af félagsfólki.

**Kauptaxtaauki**

Launataxtar samkvæmt kjarasamningum VR/LÍV hækka um 0,58% frá og með 1. apríl 2024 og kemur hækkunin til greiðslu um mánaðamótin apríl/maí. Þetta er niðurstaða launa- og forsendunefndar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

## Lagabreytingar

## Formenn aðildarfélaga og verslunardeilda í október 2025

**Afl starfsgreinafélag**
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður
Birkir Snær Guðjónsson, varaformaður
Gunnhildur Imsland, formaður verslunardeildar
Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir, varaformaður verslunardeildar

**Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri**
Eiður Stefánsson, formaður
Hulda Björnsdóttir, varaformaður

**Framsýn stéttarfélag**
Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður
Ósk Helgadóttir, varaformaður
Aðalsteinn J. Halldórsson, formaður verslunardeildar
Elva Héðinsdóttir, varaformaður verslunardeildar

**Stéttarfélagið Samstaða**
Sigurey A. Ólafsdóttir, formaður
Aðalbjörg Valdemarsdóttir, varaformaður
Vigdís Edda Guðbrandsdóttir, formaður verslunardeildar
Elín Ósk Gísladóttir, varaformaður verslunardeildar

**Stéttarfélag Vesturlands**
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, formaður
Sigrún Reynisdóttir, varaformaður
María Hrund Guðmundsdóttir, formaður verslunardeildar
Anna Halldórsdóttir, varaformaður verslunardeildar

**Verkalýðsfélag Snæfellinga**
Vignir Smári Maríasson, formaður
Harpa Björk Eiríksdóttir, varaformaður
Ólöf Hallbergsdóttir

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**
Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður
Bergvin Eyþórsson, faraformaður
Margrét J. Birkisdóttir, formaður verslunardeildar

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**
Aneta Potrykus, formaður
Elfa Benediktsdóttir, formaður verslunardeildar

**Verslunarmannafélag Skagafjarðar**
Hjörtur Geirmundsson, formaður
Jóhann Sigmarsson, varaformaður

**VR**
Halla Gunnarsdóttir, formaður
Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður


Landssamband
íslenzkra verzlunarmanna
LÍV
Stofnað
2. júní 1957





## Myndir frá þingi LÍV á Selfossi 2023








Landssamband íslenzkra verzlunarmanna hefur verið aðili að ASÍ frá árinu 1962 og er stærsta sambandið innan ASÍ, en um tveir þriðju hlutar launafólks í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Félög innan LÍV eiga ekki beina aðild að ASÍ.

46. þing Alþýðusamband Íslands var haldið 16.-18. október 2024 undir yfirskriftinni Sterk hreyfing – sterkt samfélag. Líkt og fyrri ár þá fór þingið fram í Reykjavík og LÍV átti 100 fulltrúa á þinginu. Á þinginu voru samþykktar þrjár ályktanir um stefnu ASÍ.

**Þjónusta í þágu almennings**
Stefna ASÍ um þjónustu í þágu almennings
46. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld tryggi jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, búsetu og efnahag. Styrkja þarf opinbera heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað og tryggja aðgang að heimilislæknum og nauðsynlegum tækjum og lyfjum í heimabyggð. Hagræðing og samþjöppun heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni má ekki leiða til aukins kostnaðar fyrir sjúklinga, aðstandendur og stéttarfélög, á meðan ríkið losar sig undan ábyrgð.

Versnandi geðheilbrigði eru einn stærsti heilbrigðisvandi nútímans og krefst 46. þing ASÍ að gripið verði til frekari aðgerða og forvarna í málaflokknum. Styrkja þarf geðheilsuteymi heilsugæslunnar en eins þurfa stjórnvöld að framfylgja samþykkt Alþingis um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu og auka þannig aðgengi óháð efnahag.

46. þing ASÍ krefst þess að sameiginlegir sjóðir almennings endi ekki í arðgreiðslum einkafyrirtækja í velferðarþjónustu. Til þess þarf að styrkja regluverk og auka eftirlit.

Forgangsraða skal opinberu fé í þágu almennings. Ísland er í fjárfestingaskuld í heilbrigðismálum, sem sést til að mynda í fráflæðisvanda spítalanna og þeirri þróun sem orðið hefur í útboðum þjónustu til einkaaðila. 46. þing ASÍ hafnar hagnaðardrifnum einkarekstri sem lausn við vanda heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðisútgjöldum heimilanna verður að halda í lágmarki og rekstrarform velferðarþjónustu má aldrei hafa áhrif á aðgengi eða gæði þjónustu. Heilbrigðiskerfið á að vera grundvöllur réttláts og farsæls samfélags og stjórnvöld verða að takast á við hlutverk sitt sem veitandi heilbrigðisþjónustu.

**Auðlindir í þágu þjóðar**
Stefna ASÍ um auðlindir í eigu þjóðarinnar 46. þing ASÍ krefst þess að almannahagsmunir ráði för við auðlindanýtingu, að auðlindir verði nýttar í þágu þjóðarinnar og að almenningur njóti þess ábata sem verður til vegna þeirrar nýtingar.

Ísland er auðlindaríkt land, hvort sem litið er til hafsins, gnægðar endurnýjanlegrar orku í formi vatnsafls og jarðvarma, ferskvatnslinda eða ósnortinnar náttúru sem ferðamenn flykkjast að til að njóta. Náttúruauðlindir eru eign þjóðarinnar og arðurinn af þeim á að renna til almennings og samfélagsins alls en ekki í vasa fárra útvalda.

Gnægð náttúruauðlinda og nýting þeirra ætti að vera undirstaða öflugs velferðarkerfis,
sterkra innviða og lífsgæða fyrir allt fólk og þar með sáttar meðal landsmanna. Misskipting þess auðs sem landið gefur af sér, sem varðstaða um sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna hefur skapað, hefur hins vegar valdið því að innviðir hafa grotnað niður. Erfitt reynist að koma í veg fyrir fátækt og halda uppi sterku velferðarsamfélagi sem tryggir góð lífskjör fyrir allt fólk. Innviðir landsins hafa verið holaðir að innan og grunnþjónusta verður sífellt verri og óaðgengilegri.

Auður á Íslandi hefur aukist mikið síðustu áratugi en samt er það svo að verr tekst til en áður að halda uppi innviðum og þjónustu í landinu. Á meðan hagnaður og eignir þeirra sem hafa aðgang að auðlindum landsmanna eykst ár frá ári þyngist skattbyrði launafólks og stór hópur býr við erfiðar efnahagslegar aðstæður. Sérhagsmunagæsla og sá ójöfnuður sem misskipting arðsins af auðlindum þjóðarinnar hefur skapað grefur undan undirstöðum samfélagsins og lýðræðinu í landinu.

**Samkeppni í þágu samfélags**
Stefna ASÍ um samkeppni og heilbrigði markaða 46. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld ráðist í markvissar aðgerðir sem stuðla að aukinni samkeppni á mörkuðum hérlendis og tryggi öflugt samkeppniseftirlit. Virk samkeppni er nauðsynleg í litlu hagkerfi sem grundvöllur að lýðræði, verðmætasköpun og jöfnuði. 46. þing ASÍ hafnar hins vegar að samkeppni og gróðasjónarmið séu innleidd í almannaþjónustu og grunninnviðum sem stjórnvöld eiga að bera ábyrgð á. Þar má nefna heilbrigðisþjónustu, almenningssamgöngur, menntun og félagsþjónustu.

Fákeppni þrífst á mörgum mörkuðum hérlendis og íslenskir neytendur gjalda fyrir það með háu verðlagi hvort sem er á mjólkurvöru eða kjöti, brauði eða fjarskiptum, raftækjum eða fatnaði. Dæmin sanna að fyrirtækjum er ekki treystandi til að virða samkeppnislög í umhverfi fákeppninnar.

46. þing ASÍ krefst þess að samkeppniseftirlit verði eflt til muna og því gert kleift að sporna gegn fákeppni og tryggja hagsmuni almennings. Það er óásættanlegt að stjórnvöld sitji aðgerðalaus hjá á meðan almenningur les fréttir um

ítrekuð samkeppnisbrot og taki sér frekar stöðu með stórfyrirtækjum heldur en almenningi. Á undanförnum árum hefur verið grafið undan samkeppniseftirliti hér á landi og stjórnvöld frekar reynt að veikja samkeppnislög heldur en styrkja þau.

46. þing ASÍ telur að brjóta þurfi upp markaðsráðandi fyrirtæki sem geta stýrt verði á vöru og þjónustu, t.d. í gegnum umsvifamikið eignarhald í sömu virðiskeðju. Jafnframt þarf að vernda almenning gegn órökstuddum gjöldum, hækkunum og skerðingu á þjónustu sem fólk getur ekki verið án, líkt og bankaþjónustu, póstdreifingu, tryggingum og raforku. Til álita kemur að beita verðstýringu, sköttum og lögum sem tryggja hagsmuni almennings.

Á vegum LÍV voru lagðar fram tvær tillögur.

Ályktun um húsnæðismál sem var samþykkt á þinginu og er svohljóðandi:

46. þingi ASÍ 2024 telur brýnt:
1. Að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, standi við gefin loforð í húsnæðismálum og hefji hér stórfellda og tafarlausa uppbyggingu með húsnæðisöryggi og sjálfbærni í fyrirrúmi, þar á meðal með stöðugu framboði byggingarhæfra lóða. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt bæði getu og vilja til að koma að þessari uppbyggingu í gegnum íbúðafélögin Bjarg og Blæ. Að áframverði byggt upp í almenna íbúðakerfinu og horft til fyrirmynda annarra landa hvað varðar félagslegt leiguhúsnæði og vernd leigjenda.

2. Að ráðist verði í uppbyggingu á lágtekju- og hagkvæmu leiguhúsnæði að norrænni fyrirmynd, um land allt, með áherslu á langtímalausnir fyrir lágtekjuhópa og fyrstu kaupendur, þar sem lóðaframboð verði tryggt til uppbyggingar án tafar.

3. Að félagslegt sjálfseignarhúsnæði verði hluti af húsnæðisframboði.

4. Að framkvæmdaaðilar sem byggja á óhagnaðardrifnum forsendum, geti frestað greiðslu
fyrir lóðir til söludags íbúða með tryggingu í lóð og húsnæði.

46. þing ASÍ telur jafnframt að leggja þurfi sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Aukin réttindi leigjenda og húsnæðisöryggi til lengri tíma.
- Nýtt eignaíbúðakerfi á félagslegum grunni.
- Nýtt íbúðalánakerfi þar sem einn aðili hefur leyfi til að gefa út íbúðarskuldabréf og aukið gegnsæi íbúðarlána verðlagningu íbúðarlána og tryggja fyrirsjáanleika á lengri óverðtryggðum lánum.
- Fjármögnun á almenna íbúðakerfinu – leggja verður áherslu á frekari uppbyggingu.
- Íbúðir fyrir fólk, ekki sem fjárfestingaafurð.

Ályktun varðandi ráðstöfun séreignasparnaðar sem var samþykkt á þinginu:

Ályktun 46. þings ASÍ um ráðstöfun á séreignasparnaði til greiðslu íbúðarhúsnæðis

Tryggja ber áframhaldandi ráðstöfun séreignasparnaðar til fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota og að áfram verði heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól fasteignalána sem tekin eru vegna kaupa á einu íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Auk þess sem þrír þingfulltrúar LÍV, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigmundur Halldórsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson lögðu fram og fengu samþykkta ályktun um stofnun framtíðarnefndar ASÍ.

## ASÍ-UNG

ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungra Íslendinga á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins. Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru tæplega 140 þúsund. Nær helmingur þess hóps er á aldrinum 18-35 ára en á þeim aldri er fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum, öðlast starfsreynslu, stofna fjölskyldur og kaupa íbúðarhúsnæði svo eitthvað sé nefnt.

## Hlutverk ASÍ-UNG

Að vera til staðar sem samstarfsvettvangur, álitsgjafi og umsagnaraðili um öll mál sem tengjast ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar.

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum. ASÍ Ung fræðir og hvetur ungt fólk til þátttöku og áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar með því að styðja við fræðslu og skapa vettvang fyrir ungt fólk til að kynnast og vinna saman innbyrðis, þvert á félög.

ASÍ-UNG hélt sitt 10. þing á Hellu í nóvember 2024. Þar voru samþykktar lagabreytingar um fulltrúakerfi og kosin ný stjórn. Haldið var málþingið „Leið ungliða til áhrifa í verkalýðshreyfingunni“ þar sem Kristján Þórður

Snæbjarnarson, Birkir Snær Guðjónsson og Gundega Jaunlinina miðluðu af sinni reynslu. Þingið einkenndist af öflugri umræðu um leiðir ungs fólks til áhrifa og mikilvægi virkrar þátttöku í kjarabaráttu og félagsstarfi.

ASÍ-UNG hélt sitt 11. Þing 17. október 2025 í Reykjavík og var yfirskriftin að þessu sinni „Raddir ungs fólks til áhrifa – Kraftur til breytinga". Á þinginu var unnið öflugt málefnastarf þar sem málefni voru valin út frá stefnumótunarstarfi stjórar. Til umræðu voru málefni sem snerta ungt fólk sérstaklega; málefni fjölskyldufólks, húsnæðismál, brotastarfsemi og samgöngumál. Fram kom í ályktunum þingsins að ASÍ-UNG standi saman fyrir nýrri framtíð vinnumarkaðarins þar sem jafnvægi, öryggi og réttlæti séu ekki forréttindi heldur sjálfsögð gildi. Þingið endurspegli kröfu ungs fólks um að fá að lifa, læra og starfa við mannsæmandi aðstæður. ASÍ-UNG hafi ekki í hyggju að bíða eftir breytingum, heldur ætli að knýja þær fram.

**Fulltrúar LÍV í stjórn ASÍ UNG**

2023-2024

**Aðalmenn**
Birgitta Ragnarsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Varamaður**
Jennifer Schröder

2024-2025

**Aðalmenn**
Birgitta Ragnarsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Varamaður**
Mateusz Gabríel K. Róbertsson

2025-2027

**Aðalmenn**
Styrmir Jökull Einarsson
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Varamaður**
Andrea Rut Pálsdóttir

Varamenn í stjórn ASÍ-UNG eru kosnir til eins árs í senn.

**Aðal- og varamenn LÍV í miðstjórn og nefndum ASÍ**

Miðstjórn ASÍ fer með æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins og milli þinga sambandsins. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um stefnumótun og starf Alþýðusambandsins. Miðstjórn mótar og útfærir áherslur ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni, á grundvelli samþykkta þinga ASÍ. Á vegum miðstjórnar starfa fjölmargar starfsnefndir.

**Miðstjórn**
Halla Gunnarsdóttir, formaður VR sem jafnframt er 3. varaformaður ASÍ
Eiður Stefánsson, Félag verslunar og skrifstofufólks á Akureyri
Tómas Gabríel Benjamin, VR
Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR
Varamenn í miðstjórn
Selma Björk Grétarsdóttir, VR
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Jennifer Schröder, VR
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR

Á vegum miðstjórnar ASÍ starfa fjölmargar nefndir. Þær skiptast annarsvegar í málefnanefndir og hins vegar fastanefndir. Málefnanefndir hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna skv. samþykktum miðstjórnar og þinga ASÍ. Hlutverk þeirra er að undirbúa stefnumótun ASÍ, hver á sínu sviði og fylgja málum eftir. Þær geta bæði starfað samfellt milli sambandsþinga en geta einnig verið tímabundnar um tiltekin málefni eða verkefni. Fastanefndir miðstjórnar eru þær nefndir sem skipaðar eru skv. lögum og reglugerðum ASÍ. Hlutverk þeirra snýr að innri málefnum og skipulagi sambandsins. Starfsnefndir miðstjórnar eru mikilvægur þekkingarbrunnur og vettvangur fyrir skoðanaskipti, samstarf og þróun innan ASÍ.

**Alþjóðanefnd**
Sigmundur Halldórsson
Atvinnu- og auðlindanefnd
Jónas Yngvi Ásgrímsson, formaður nefndar
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Halla Gunnarsdóttir, varamaður

**Efnahags-, skatta- og verðlagsnefnd**
Halla Gunnarsdóttir, formaður nefndar
Eiður Stefánsson
Ólafur Reimar Gunnarsson, faramaður

**Framtíðarnefnd**
Tómas Gabríel Benjamin, formaður nefndar
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Heilbrigðisnefnd**
Þórir Hilmarsson
Diljá Ámundadóttir Zoega, varamaður

**Húsnæðisnefnd**
Bjarni Þór Sigurðsson
Selma Björk Grétarsdóttir, varamaður

**Jafnréttisnefnd**
Diljá Ámundadóttir Zoega
Tómas Gabríel Benjamin, varamaður

**Lífeyrisnefnd**
Ólafur Reimar Gunnarsson
Halla Gunnarsdóttir, varamaður

**Menntanefnd**
Anna Ágústa Halldórsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson, varamaður
Skipulags- og starfsháttanefnd
Eiður Stefánsson, formaður nefndar
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Halla Gunnarsdóttir, varamaður

**Vinnumarkaðsnefnd**
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir, varamaður

**Laganefnd**
Eiður Stefánsson, formaður nefndar

**Fulltrúar LÍV í ýmsum stjórnum og ráðum**

**Stjórn Bjargs:**
Selma Björk Grétarsdóttir

**Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags:**
Bjarni Þór Sigurðsson
Helga Ingólfsdóttir

**Stjórn VIRK**
Diljá Ámundadóttir Zoega

**Stjórn Mímis**
Selma Kristjánsdóttir

**Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu**
Sandra Ósk Jóhannsdóttir

**Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ**
Bjarni Þór Sigurðsson

**Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**
Selma Kristjánsdóttir

**Stjórn Vinnumálastofnunar**
Helga Ingólfsdóttir

**Atvinnuleysistryggingasjóður**
Helga Ingólfsdóttir og Eiður Stefánsson

**Sjálfbærniráð**
Þórir Hilmarsson

**Vinnumarkaðsráð Suðurlands**
Gils Einarsson, VR

**Vinnumarkaðsráð Suðurnesja**
Bryndís Kjartansdóttir, VR

**Vinnumálastofnun**
Helga Ingólfsdóttir, VR

**Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina**
Selma Kristjánsdóttir
Signý Aðalsteinsdóttir

**Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina**
Selma Kristjánsdóttir
Signý Aðalsteinsdóttir
Eiður Stefánsson

**Fagráð og stýrihópur Hæfniseturs ferðaþjónustunnar**
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

**Öldungaráð**
Sigurður Sigfússon

**Erlent samstarf LÍV**

Erlent samstarf er eitt af lykilverkefnum LÍV, enda er verslun og þjónusta í auknum mæli að verða alþjóðleg og því mikilvægt að samtök launafólks á Íslandi séu vel vakandi fyrir straumum og stefnum erlendis. Ísland, sem hluti af hinum sameiginlega innri markaði ESB, þarf að starfa innan þess ramma sem gildir á þeim markaði og hingað berast erlendir straumar sem hafa veruleg áhrif á íslenskum vinnumarkaði. Með aukinni alþjóðavæðingu verslunar og viðskipta er vaxandi þörf á því að LÍV gæti hagsmuna íslensks verslunarfólks gagnvart þessum aðilum og komi á framfæri okkar sjónarmiðum í því alþjóðlega samstarfi sem LÍV kýs að taka þátt í, en það er meðal annars í Nordiska Handelskommittén (NHK), Innan Evrópu-, tækni- og verslunardeildar UNI Global Union, auk þess sem LÍV gerðist aðili að European Transport Workers Federation (ETF) árið 2024. Stjórn LÍV markar á hverjum tíma stefnu sambandsins þegar kemur að alþjóðasamskiptum og aðild LÍV að alþjóðasamtökum. Alþjóðafulltrúi LÍV, Sigmundur Halldórsson, sem jafnframt er starfskraftur LÍV, fylgist með því sem gerist innan allra ofangreindra stofnana, tekur þátt í fundum NHK og situr fyrir hönd LÍV í þeim ráðum og nefndum sem stjórn LÍV telur ástæðu til.

Rétt er að geta þess að ASÍ er fulltrúi samtaka launafólks í Norræna verkalýðssambandinu (NFS), Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC) og alþjóðasambandi verkalýðsfélaga (ITUC). ASÍ kemur fram fyrir hönd launafólks á vettvangi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og Ráðgjafarnefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). LÍV vinnur hins vegar beint í samstarfi við systursambönd verslunarfólks á Norðurlöndunum og alþjóðlegum samtökum stéttarfélaga í verslun. Þannig stendur LÍV vörð um hagsmuni okkar félagsfólks gagnvart alþjóðlegum og fjölþjóðlegum stofnunum og atvinnurekendum.

**NORRÆNA SAMSTARFIÐ**

Norrænt samstarf verslunarfólks á sér merkilega sögu og nær allt aftur til ársins 1918 þegar samtök verslunarfólks í Danmörku, Noregi og Svíþjóð tók höndum saman og stofnaði samstarfsvettvang sem náði til 50 þúsund félaga í Skandinavíu. Það var ekki fyrr en 1960 sem LÍV hóf þátttöku, en samtalið um aðild verslunarfólks á Íslandi hófst 1938. En bæði tafði seinni heimstyrjöldin og eins þótti kostnaður vegna fullrar aðildar Íslands að samstarfinu vera óhóflegur. Frá upphafi hefur samstarfið verið mikilvægasti hluti erlends samstarfs LÍV. Með þessu samstarfi hafa verslunarfélög á Norðurlöndunum tryggt sér öfluga rödd á alþjóðavettvangi og eiga samstarf um sameiginlega hagsmunamál.

**NHK**

NHK er samstarfsvettvangur landssambanda á Norðurlöndunum sem eru LÍV, HK Handel frá Danmörk, HK frá Norge, PAM frá Finnlandi og Handels og Unionen frá Svíþjóð. Öll samböndin, utan Unionen, eru innan LO/ASÍ en meginmarkmið NHK er að tengja löndin saman í kjarabaráttu og kynna hvort fyrir öðru félagslega, pólitíska og efnahagslega stöðu í hverju landi. Jafnframt er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi og samstarfinu innan UNI. Samstarfið er bundið við verslunargeirann og er markmið NHK að vinna að sameiginlegum málefnum sem snúa að verslun, undirbúningi félagslegrar umræðu í Evrópu varðandi verslun og fylgja eftir áherslum Norðurlandanna innan UNI Europa og gagnvart ESB. Í tengslum við ársfund NHK hefur verið haldinn fundur með atvinnurekendum og er fulltrúa frá SA boðið. NHK hefur jafnframt staðið fyrir fundum fyrir starfsfólk og forystu sambandanna um ákveðin málefni. Stjórn NHK hittist á reglulegum fundum, auk þess sem NHK hefur staðið fyrir undirbúningsfundum í tengslum við viðburði á vegum UNI. Fulltrúi NHK hefur setið fundi á vegum UNI og ESB.

**Stjórn, endurskoðendur og starfsfólk 2023-2025**

**Formaður:** Linda Palmetzhofer, formaður Handelsanställdas förbund, Svíþjóð

**Varaformaður:** Annika Rönni-Sällinen, formaður PAM, Finnland

**Gjaldkeri:** Mette Høgh, formaður HK Handel, Danmörk
Peter Hellberg, Unionen, Svíþjóð – 2023-2024
Victoria Kirchhoff, Unionen, Svíþjóð – 2024-2025
Christopher Ray Beckham, HK Norge
Jaana Ylitalo, PAM, Finnland
Eiður Stefánsson, LÍV

Endurskoðendur:
2023 – 2024 : Elisabeth Sundset, fyrsti varaforseti HK Norge og Peter Hellberg, fyrsti varaformaður Unionen, Svíþjóð
2024 - 2025 Elisabeth Sundset, fyrsti varaforseti HK Norge og Peter Hellberg, fyrsti varaformaður Unionen, Svíþjóð

Starfskraftur NHK:
Anette Andersson, starfskraftur NHK er staðsett í Svíþjóð og með aðsetur hjá Handels í Stokkhólmi.

**Ársfundur NHK 2023 í Kaupmannahöfn**

Ársfundurinn 2023 var haldin í tveimur hlutum, annars

vegar fjarfundur á Teams 19. júní og hins vegar á fundi í Kaupmannahöfn 29.-30. nóvember. Var á fyrri deginum farið yfir skipulag aðildarsambanda NHK og starfsemi þeirra. Kom þar vel í ljós aðstöðumunur stéttarfélaga verslunarfólks, þar sem breytingar á starfsumhverfi stéttarfélaga hafa gert það að verkum að stöðugt þarf að sækja félaga inn í stéttarfélögin. Mikilvægt er fyrir íslensku stéttarfélögin að verja núverandi fyrirkomulag á íslenskum vinnumarkaði, ásamt því að undirbúa sig fyrir mögulegar breytingar. Miklu skipti að koma vel undirbúin að breytingum. Sum samböndin innan NHK hafa náð athyglisverðum árangri í sínum markaðsmálum. Öflugast hefur Unionen í Svíþjóð verið, en það er í dag fjölmennasta stéttarfélag skrifstofufólks með 700 þúsund félaga. Á sama tíma hefur PAM í Finnlandi farið í mikla sjálfskoðun til þess að skerpa á áherslum sínum, m.a. í samstarfi við UNI Global Union. Á síðari deginum var fjallað um lög NHK og samþykkt að endurskoða þau. Upprunalegar samþykktir beri þess merki að vera samsett úr forverum NHK og rétt sé að endurskoða þau. Var lagt til að lögin yrðu skýr og minna um pólitískar áherslur sem færðar væru í lögin. Þau þyrfti þá síður að endurskoða, en pólitískar áherslur gætu breyst.

**Fulltrúar LÍV**
Eiður Stefánsson
Sigmundur Halldórsson

### Ungmennafundur í Noregi 2024

NHK skipulagði viðburð fyrir unga fólkið í stéttarfélögunum sem fór fram í Noregi 12.-14. júní 2024 og sóttu það 43 fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Var Útey heimsótt í ferðinni, en ein áherslan í viðburðinum var á viðbrögð við uppgangi hægri öfgaafla, auk þess sem efld voru tengsl ungs fólks í hreyfingunni frá öllum Norðurlöndunum.

**Fulltrúar LÍV**
Birgitta Ragnarsdóttir
Mateusz Gabríel Kowalczyk Róbertsson

### Ársfundur 2024 Stokkhólmur

Ársfundur NHK árið 2024 var haldinn dagana 16.-18. júní í Stokkhólmi. Á fundinum voru samþykktar tillögur um endurskoðun laga og meginreglur, en stöðug vinna hafði átt sér stað frá fundi NHK í Kaupmannahöfn. Með þessum breytingum er gerður aðskilnaður á milli formlegra laga NHK sem sambands þar sem áhersla er á að formfesta með skýrum hætti starfshætti og hins vegar samþykkt stefnumörkun NHK í málefnum verslunarfólks sem ætlunin er að taki mið af aðstæðum og áherslum aðildarfélaga á hverjum tíma. Haldin var málstofa þar sem rætt var um hvernig samböndin geti varðveitt, verndað og þróað norræna vinnumarkaðsmódelið. Var því samtali haldið áfram með atvinnurekendum, en því miður voru íslenskir atvinnurekendur ekki á staðnum. Farið var í heimsókn til Handels þar sem við fengum kynningu á starfsemi þessi, en sænska viðskiptaráðið er sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og samtaka launafólks (Fremia, Svensk Handel, Akademikerförbunden, Handels og Unionen) sem varð til í kjölfar kjarasamninga 2015. Hlutverk þess að efla stöðu verslunar með áherslu á öryggi og heilsu, upplýsingaöflun og rannsóknir og færni og endurmenntun, viðburðum og þrýstingi á stjórnvöld.

**Fulltrúar LÍV**
Anna Halldórsdóttir
Eiður Stefánsson
Sigmundur Halldórsson

### Ársfundur 2025 Bergen

Norrænu verslunarsamböndin komu saman 20. – 22. maí 2025 í Bergen og er óhætt að fullyrða að samstarfið standi á mjög traustum grunni. Raunar svo traustum fjárhagsgrunni að tekin var sú ákvörðun að fella niður félagsgjöld næstu tvö starfsár. Á ársfundinum var gestur okkar Michael Bolton, formaður verslunardeildar UNI Global Union, sem greindi fundinum frá því að frá sjónarmiði UNI Global Union væru stéttarfélögin á Norðurlöndunum afar mikilvæg. Félögin á Norðurlöndunum hefðu lagt fram meira en flest til alþjóðlegrar samvinnu. Sem hefði sannarlega skilað frábærum árangri líkt og Bangladesh samkomulagið væri skýrasta dæmið um. Það hefði verið fyrir þrýsting frá sænsku félögunum á H&M sem þar hefði orði grunnur að þessu stórkostlega samkomulagi, sem hefði gjörbreytt aðstæðum vinnandi fólks í Bangladesh, sem 220 aðilar eigi aðild að í dag. Það kom jafnframt fram að alþjóðasamtök launafólks þurfi að endurskoða starf sitt og þar sé mikilvægt að Norðurlöndin komi að. Áskoranir séu nægar og nú séu stærstu fyrirtæki í heimi að beina augum sínum að alþjóðastofnunum til þess að gera atlögu að grundvallarréttindum launafólks. Við þessu verði að bregðast.

Það kom líka fram á fundinum að nýir vindar blási í stefnumörkun ESB. Hægri flokkar sem lítinn áhuga hafa á því að efla samtök launafólks hafa náð meirihluta í ráðherraráðinu og þinginu. Sú staðreynd, ásamt helstu niðurstöðum í skýrslu Mario Draghi, sé líkleg til þess að ýta til hliðar hugmyndum um aukna samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Áherslan verði á einföldun regluverks, minna eftirlit og stór auknar fjárfestingar. Á sama tíma sé þrýstingur á að draga úr áherslu á græna hagkerfið.

Við hér á Íslandi stöndum augljóslega frammi fyrir

áskorunum. Aukin samkeppni frá Kína, viðskiptastríð og stríðsátök í Úkraínu og Palestínu hafa bein áhrif á launafólk á Íslandi. Samstaða og samstarf okkar við launafólk á hinum Norðurlöndunum er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Við ætlum okkur að tryggja að það vinnumarkaðsmódel sem byggt hefur verið upp á Norðurlöndunum standi traustum fótum til framtíðar.

**Fulltrúar LÍV**
Anna Halldórsdóttir
Eiður Stefánsson
Sigmundur Halldórsson

Auk ofangreindra funda voru haldnir tveir fjarfundir um starfsmenntamál, tveir fjarfundir um evrópsk samráðsráð, fjarfundir lögmanna vegna svokallaðs "Lufthansa dóms" og fjarfundur um gervigreind á því tímabili sem þessi skýrsla nær til. Stefna NHK er að nýta fjarfundi eins og kostur er, en halda staðfundi ef ástæða þykir til. Staðfundir dýpka tengsl milli sérfræðinga stéttarfélagana á Norðurlöndunum og meiri dýpt næst í umfjöllun um viðfangsefnið. Hins vegar nýtast fjarfundir vel fyrir styttri fundi þar sem áhersla er á einfaldari upplýsingagjöf. Með aðkomu NHK hefur LÍV dýpkað þekkingu á vinnumarkaðinum á hinum Norðurlöndunum, m.a. aflað okkur upplýsinga varðandi verkbönn, unnið þétt með systursamtökum okkar þegar kemur að ótryggum ráðningarsamningum, sjálfvirknivæðingu og gervigreind. Auk þess hefur alþjóðafulltrúi LÍV setið margvíslega upplýsingafundi á vegum samtaka stéttarfélag ETUI, en slíkir fundir eru opnir öllum aðildarfélögum LÍV.

**UNI Nordic ICTS**
LÍV á fulltrúa í Norðurlandaráði UNI Europa ICTS en ICTS stendur fyrir Information, Communication, Technology og Services sem snýr því að þeim hópi félaga í LÍV sem starfa í störfum tengdum upplýsingatækni og tæknigreinum. Umræðan í þessum hópi snýr m.a. að samskiptum við risa tæknifyrirtæki á borð við Spotify, Microsoft og Google sem öll starfa á Norðurlöndunum. Norræn fjarskiptafyrirtæki sem eru með starfsemi víða á Norðurlöndunum á borð við Telenor eru oft til umræðu og ört vaxandi þáttur í starfi stéttarfélaga er að ná utan um starfsfólk í leikjafyrirtækjum sem oft er í ótryggum ráðningarsamböndum eða verktöku. Gervigreindin er að hafa áhrif á störf fólks í tæknigreinum þar sem hraðar breytingar eru að eiga sér stað á starfsumhverfi og atvinnuöryggi. Sömuleiðis hafa pólitískir vindar sett svip sinn á umræðuna, því uppgangur hægri afla er áhyggjuefni. Ársfundir UNI Nordic ICTS eru haldnir í hverju Norðurlandanna og 2026 kemur röðin að Íslandi. 2023 var ársfundurinn haldin í Danmörku, 2024 í Svíþjóð og 2025 í Finnlandi.

**Fulltrúi LÍV**
Hjörtur Geirmundsson

**EVRÓPUSAMSTARF**
LÍV á aðild að UNI Global Union sem eru stærstu samtök stéttarfélaga starfsfólks í þjónustugreinum á almenna markaðinum, en höfuðstöðvar þess eru í Sviss. Innan UNI Global Union er Ísland skilgreint sem Evrópuland, en UNI starfar bæði samkvæmt landfræðilegri skilgreiningu og starfsgreinum. En auk þess eru þverfaglegar deildir fyrir ungt fólk, stjórnendur og jafnréttismál. LÍV hefur markað þá stefnu að vera virkt í Evrópudeildum UNI, auk þess að taka þátt í starfi ungliðadeildar.

**Ráðstefna í Amsterdam 2023**
Samtök verslunarfólks í Evrópu komu saman í Amsterdam 13.-15. október 2023 þar sem 120 fulltrúar samtaka launafólks komu saman til fundar til þess að fræðast, tengjast og fá innblástur í baráttu sinni fyrir betri kjörum undir yfirskriftinni, verslunarfólk rís upp. Er óhætt að segja að vel hafi tekist til og fulltrúar LÍV tóku virkan þátt. Vakti umfjöllun okkar um mikilvægi jafnréttis þegar kemur að réttlátum umskiptum og nýliðins kvennaverkfalls verulega athygli gesta þingsins.

UNI Europe Commerce stóð síðast fyrir ráðstefnu í Búkarest 2019 og töluverður árangur hefur náðst í starfi UNI Europe Commerce frá því síðasta ráðstefna var haldin. Fulltrúar UNI Global Union sem töluðu á ráðstefnunni sögðu Evrópu og stöðu samtaka launafólks í Evrópu vera þá fyrirmynd sem horft væri til annars staðar frá og jafnframt að samtök verslunarfólks væru öflugasti hópurinn innan UNI Global. Það væri því gríðarlega mikilvægt verkefni að standa vörð um stöðu samtaka launafólks í Evrópu, því það væri ekki hvað síst fyrir kröftugt starf þeirra til þess að tryggja starfsöryggi, heilsu og réttindi þess fólks sem starfaði hjá alþjóðlegum fyrirtækjum sem hefðu staðsett höfuðstöðvar sínar í Evrópu sem árangur hefði náðst. Væri þar nóg að benda á Bangladesh samkomulagið um aðstæður fólks í textíliðnaði sem nú hefði verið framlengdur og tæki til fleiri landa.

En áskoranir skorti sannarlega ekki. Við erum nú að ganga sameiginlega í gegnum gríðarlegar breytingar vegna innleiðingar á nýrri tækni, breytinga á verslunarháttum og loftslagsmálum. Þar tala fulltrúar launafólks og atvinnurekenda einum rómi um mikilvægi starfsmenntunar og þess að skapa góð og örugg störf.

Það kom jafnframt fram að barátta stéttarfélaga við risa á borð við Amazon byggði á viðspyrnu samtaka launafólks

í Evrópu. Sem hefðu tekið slaginn við þennan alþjóðlega risa og með samstilltu átaki hefði tekist að þvinga Amazon að samningaborðinu og tryggja fólki betri laun og mansæmandi vinnuaðstöðu. Þetta væri þó stöðug barátta, því aðrir atvinnurekendur færu nú í fótspor Amazon, virtu ekki gerða samninga og græfu undan kjörum launafólks. Sú staðreynd að í breskum vöruhúsum Amazon hefði starfsfólk bókstaflega ekki haft tíma til að fara á salerni, án þess að lækka í tekjum og aðilar í afhendingu og verslun reyndu nú að breyta starfsfólki í verktaka, sem væru allt dæmi um hvernig atvinnurekendur virtust leggja alla áherslu á að tryggja sem mestan arð fyrir hluthafa og eigendur. Kom fram að í fjölda Evrópulanda hefðu netverslanir reynt að komast hjá því að fylgja kjarasamningum með því að hafa ekki verslanir heldur afhenda úr vöruhúsum, sem væri bein afleiðing af samkeppni við tæknirisa á borð við Amazon.

Raunin væri sú að samtök launafólks á heimsvísu væru nú í fararbroddi þeirra sem reyna að koma böndum á tæknirisa. Tæknirisa sem hefðu brotið lög, stunduðu skattasniðgöngu og væru í starfsemi sinni að stuðla að misrétti sem ekki hefði sést í áratugi í Evrópu. Oft í samvinnu og samkomulagi við stjórnvöld sem grafa undan réttindum launafólks og stéttarfélaga. Bæði Finnar og Svíar vöruðu við þeirri þróun sem sést hefur að afhendingaraðilar reyna að komast hjá því að starfa innan ramma kjarasamninga. Sömuleiðis að verslanir reyna að fæla frá sér starfsfólk með reynslu og þekkingu í gegnum vinnutíma sem gerir fólki ómögulegt að eiga mansæmandi líf. Sláandi dæmi frá Svíþjóð eru þekkt þar sem fólk með áratuga reynslu var boðið að vinna í 15-20 tíma á viku. Fyrir þau laun getur ekki fólk framfleytt sér.

UNI Commerce hefur verið leiðandi í því að vekja athygli á ofbeldi og áreiti sem verslunarfólk verður fyrir og krefst þess að lönd klári innleiðingu á C190 samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og sögðu m.a. frá því að nú hefðu fyrstu alþjóðasamningarnir verið gerðir þar sem vísað er til C190. Vakin er athygli á því að jaðarhópar og fólk á flótta er mun líklegra til þess að verða fyrir bæði áreiti og ofbeldi, auk annara brota í starfi.

UNI Europe Commerce hefur sett af stað verkefnið EPOC – European Power and Organizing Center – þar sem ætlunin er að styðja við bakið á stéttarfélögum í Evrópu með fókus á sterkari félögin, sem þó hafa fundið fyrir minni áhuga og dalandi stéttarfélagsaðild. Er þetta hugsað til þess að verja, útvíkka og styrkja stéttarfélögin sem eru innan aðildarsambands UNI Europe Commerce.

Á þinginu voru samþykktar 3 ályktanir um aðgerðir. Í fyrsta lagi hvað varðar réttlát umskipti þegar kemur að stafrænu umbyltingunni og loftslagsmálum. Í öðru lagi áherslur okkar gagnvart Evrópusambandinu og alþjóðlegum fyrirtækjum með starfsemi í Evrópu og í þriðja lagi hvernig byggja skuli og viðhalda öflugum stéttarfélögum. Verkefni allra þessara samtaka launafólks er raunar svipað. Að standa vörð um lífskjör, atvinnuöryggi og starfsumhverfi verslunarfólks.

**1. Réttlát umskipti**

Undanfarin ár hefur verslun verið í mikilli umbreytingu, knúin áfram af nokkrum þáttum sem eru samofnir og hafa áhrif hver á annan: framfærslukrísu, tæknibreytingar, umhverfismál, ný færni og breytingar á kauphegðun. Við höfum séð fyrirtæki bæði velja og vera neydd til þess að tileinka sér stafræna tækni og fjölrása smásölu, sameiningu hefðbundinnar verslunar og stafrænnar og nýja afhendingarmáta. Stafræna umbreytingin hefur orðið til þess að umbylta hefðbundinni verslun í stafræna verslun. Þessar breytingar gerðust enn hraðar sökum Covid faraldursins. Allar þessar breytingar hafa haft áhrif á líf verslunarfólks: aukin sjálfvirkni ferla, stjórnun með spálíkönum og algóritmum, aukið eftirlit, aukið álag og erfiðari störf, óreglulegri vinnutími og meiri sveigjanleiki, aukin starfmannavelta, styttri starfsaldur, ofbeldi viðskiptavina, heilsufars og öryggismál þar á meðal sálræn vandamál.

UNI Europa Commerce og aðildarsambönd þess eru sannfærð um að kjarasamningar séu hluti lýðræðis, geri samfélagið sanngjarnara og minnki ójöfnuði: þeir tryggi réttlát umskipti, þeir tryggi samstöðu og séu tæki til að takast á við kreppur, dragi úr kerfislægri óvissu og geri verslun meira aðlaðandi. Kjarasamningar eru tækið til að taka á og sigrast á ótryggum ráðningarsamböndum sem verslunarfólk stendur frammi fyrir í. Við þurfum að bæta vinnuskilyrði og vera fulltrúar þeirra í kjarasamningagerð.

**2. Evrópusambandið**

Þátttaka launafólks eflir evrópskt lýðræði. Evrópska félagsmálaumræðan (European Social Dialogue) og evrópsk samstarfsráð eru mikilvæg verkfæri til þess að efla þátttöku starfsfólks í atvinnulífinu og borgaralegu samfélagi. UNI Evrópa og aðildarsambönd þess verða að ítreka stuðning sinn við þessar stofnanir og verkfæri til að verja réttindi verslunarstarfsfólks í Evrópu. Auk þess að eiga náið samstarf við aðra aðila í Evrópu m.a. önnur samtök launafólks í Evrópu, EuroCommerce og lykilaðila innan ESB. Starf UNI Europa Commerce og aðildarsamtaka er lykilinn að því að verja og efla réttindi launafólks í Evrópu.

Í kjölfar viðurkenningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á sérstöðu verslunar í Evrópu

bæði hvað varðar framleiðni og störf, hefur UNI Europa Commerce verið fulltrúi launafólks aðila vinnumarkaðarins og þarf að gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun ESB. UNI Europa Commerce mun því styrkja rödd verslunarfólks í stefnumótun ESB, hafa áhrif á verslun og styrkja enn frekar sýnileika þess gagnvart stofnunum ESB.

**3. Styrking stéttarfélaga**

Afl UNI Europa Commerce er háð styrk aðildarsamtaka sinna. Áhrif vinnu okkar er háð sterkum landssamtökum – í samningaviðræðum við fjölþjóðleg fyrirtæki og innan ákvarðanatökuferlis ESB. Mikil stéttarfélagsþátttaka og sterkir kjarasamningar eru það sem mun gera UNI Europa Commerce kleift að móta framtíð verslunarfólks í breyttum heimi vinnu og knýja á um sjálfbæran geira þar sem fólk er í fyrirrúmi. Það er mikilvægt að byggja á nýlegum afrekum til að knýja á um og hvetja til skipulags í allri verslun, þar á meðal nýjum viðskiptaaðferðum.

Efling kjarasamninga og aukin umfjöllun er háð afli stéttarfélaga. UNI Europa Commerce mun halda áfram að aðstoða aðildarfélög við að styrkja stöðu sína í gegnum svæðisskipulagsmiðstöðvar og með því að nýta þann pólitíska kraft sem skapast hefur við endurskoðun laga og stofnana um ramma varðandi kjarasamninga í Evrópu.

Stéttarfélög innan sambanda UNI Europa Commerce standa frammi fyrir sameiginlegum áskorunum á evrópskum vinnumarkaði og standa að gerð kjarasamninga við mikilvæg fjölþjóðleg fyrirtæki. Samvinna og þróun sameiginlegra aðferða stéttarfélaga innan okkar raða er mikilvæg leið til að nýta styrk okkar sem UNI Europa Commerce.

Norrænu félögin innan UNI Europa Commerce standa mjög þétt saman og hafa lagt sitt af mörkum til að efla stéttarfélög annars staðar í Evrópu.

Á þinginu fór fram kosning til nefnda og ráða og á LÍV fulltrúa í stýrinefnd UNI Europe Commerce þar sem Sigmundur Halldórsson var kosinn varafulltrúi í hópi Norðurlanda fulltrúa, en allir fulltrúar eiga rétt til þess að sækja alla fundi framkvæmdastjórnar og er skipun til næstu ráðstefnu UNI Europe Commerce.

**Fulltrúar LÍV**

Eiður Stefánsson
Sigmundur Halldórsson
Hulda Björnsdóttir
María Rut Dýrfjörð
Aðild að ETF

Í kjarasamningslotu 2024 beitti SA hótun um verkbann á allt skrifstofufólk í VR, þegar starfsfólk í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli sóttist eftir betri kjarasamningi. Var óskað eftir stuðningi frá systursamböndum okkar á Norðurlöndunum og UNI Europa, sem í kjölfarið lögðu til að LÍV myndi gerast aðili að European Transport Workers Federation (ETF) og þannig styrkja sig gagnvart viðsemjendum. Vorið 2024 gerðist LÍV aðili að ETF og getur leitað þangað varðandi upplýsingaöflun og stuðning. Er þetta hluti af aukinni áherslu aðildarfélaga LÍV við stuðning við starfsfólk í ferðaþjónustu, en í ferðaþjónustu á Íslandi eru starfandi fjöldi erlendra fyrirtækja og því mikilvægt að hafa samstarf við alþjóðasamtök launafólks í ferðaþjónustu.

**EPOC vinnustofa**

Í janúar 2025 komu til Íslands fulltrúar frá UNI Europa og kynntu European Power and Organising Center (EPOC) verkefnið. EPOC var stofnsett 2019 með það markmið að styðja stærstu stéttarfélög Evrópu til þess að verja félagsstarf sitt, stækka og endurskoða starfsemi sína til þess að efla félögin. Markmið UNI Europa er að byggja upp þekkingu og reynslu stéttarfélaga á alþjóðlegum grunni og styðja þau þannig í alþjóðlegri baráttu.

Á vinnustofunni voru fulltrúar þeirra samtaka launafólks á Íslandi sem eiga aðild að UNI Global Union, en það eru auk LÍV, Félag starfsfólks í fjármálafyrirtækjum, Rafiðnaðarsamband Íslands og Samiðn. Á vinnustofunni kom fram að til EPOC var stofnað til þess að verja sterka stöðu stéttarfélaga á Norðurlöndunum og vestur Evrópu, sem þó hafa horft fram á minnkandi félagsaðild og virkni. UNI Europa hefur, í samstarfi við stéttarfélögin, þróað aðgerðir og stefnumörkun sem geta nýst stéttarfélögunum til þess að styrkja starf sitt, auka virkni félagsfólks og skerpa á hlutverki stéttarfélaga.

**Fulltrúar LÍV**

Anna Halldórsdóttir
Bryndís Guðnadóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Eiður Stefánsson
Halla Gunnarsdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Kristín María Björnsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigmundur Halldórsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Þórir Hilmarsson

## Ráðstefna UNI Europa í Belfast 2025

Yfir 600 fulltrúar stéttarfélaga víðs vegar að úr Evrópu komu saman í Belfast 24.-27. mars til að fagna 25 ára afmæli UNI Europa – og leggja sameiginlega línur að réttlátari framtíð fyrir evrópskt launafólk.

Fyrsta daginn var það ráðstefna kvenna innan UNI Europa sem komu saman til þess að undirstrika kröfur sínar og efla samstöðu kvenna. Mikilvægt er að halda því til haga að raunverulegur aðstöðumunur er á milli kvenna og karla og var lögð áhersla á mikilvægi þess að tekið væri tillit til blæðinga, barnsburðar og tíðahvarfa. Regluverk og leiðbeiningar í jafnréttismálum sem og fræðslu um viðbrögð við áreitni- og ofbeldismálum hafa komið út undanfarin ár ekki síst vegna ILO190 samþykktar Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, sem enn hefur ekki verið fullgild inn í íslenskt lagaumhverfi, þó samþykktin sé frá árinu 2019. Umræður urðu um heimilin sem hina nýju vinnustaði og áhyggjur af þeirri þróun sem leitt gæti af sér einangrun og vandamál tengt öryggi og aðbúnaði á vinnustöðum.
Meginráðstefnan, sem stóð yfir í þrjá daga, var haldin undir kjörorðinu „Raunveruleg áhrif, hærri laun" og einkenndist af samstöðu, baráttuanda og skýrri framtíðarsýn stéttarfélaga gagnvart tæknibreytingum, réttindum launafólks og lýðræðislegri þátttöku.

Ráðstefnan hófst með hvatningarorðum leiðtoga Norður-Írlands og fulltrúa borgaryfirvalda í Belfast, sem lögðu áherslu á mikilvægi verkalýðshreyfingar í uppbyggingu réttláts samfélags. Fjölmargir forystumenn stéttarfélaga í Evrópu lýstu því hvernig stéttarfélög eru að endurskipuleggja starfsemi sína, virkja nýja félaga og sækja fram í nýjum atvinnugreinum, allt frá fjármálageiranum til tölvuleikjaiðnaðarins.

Pallborðsumræður sýndu fram á mikilvægi aðlögunar – hvernig samtök í Austurríki, Finnlandi, Póllandi og Rúmeníu hafa unnið sögulega sigra með markvissri skipulagningu og sterkri félagsaðild. Jafnframt var kynnt ný alþjóðleg miðstöð fyrir ábyrga mannréttindastefnu í fyrirtækjum, með áherslu á félagafrelsi og kjarasamningsrétt.

### Krafa um áhrif og réttlæti

Aðalumræðuefni annars dags snerist um kjarasamninga, umbætur á opinberum útboðum og raunvirði vinnu launafólks. Frá Belgíu var rætt um styttingu vinnuvikunnar og þarna voru fyrstu „Framfaraverðlaunin" veitt fyrir árangur í kjarasamningsbaráttu. Ver.di í Þýskalandi hlaut verðlaun fyrir herferð sem tryggði 16% launahækkun og yfir 20.000 nýja félaga.
UNI Europa kynnti herferðina „Ekkert opinbert útboð án kjarasamnings", sem hlaut víðtækan stuðning – meðal annars frá Evrópuþingmönnum. Fordæmt var að fyrirtæki sem brjóta á réttindum launafólks njóti opinbers fjárstuðnings.

Í umræðum um stafræna umbreytingu og velferð starfsfólks kom fram skýr krafa um að kjarasamningar taki mið af nýjum raunveruleika: nýtingu gervigreindar, fjarvinnu og geðheilbrigðismál. Efnahagsráðherra Norður-Írlands lagði áherslu á mannsæmandi störf sem mælikvarða á heilbrigt hagkerfi.

### Verndum lýðræðið og framtíð vinnunnar

Lokadagurinn beindi sjónum að hættum og tækifærum tengdum gervigreind. Forystufólk stéttarfélaga í fjölmörgum löndum lýsti yfir áhyggjum af gagnsæisskorti, auknu álagi og lýðræðishalla í kjölfar stafrænnar umbreytingar. Krafist var bindandi evrópskrar löggjafar og mannlegs eftirlits með notkun gervigreindar.

Dæmi voru tekin af skapandi störfum og fjármálageiranum þar sem breytingar hafa orðið án þess að loforð um ný störf eða aukin réttindi hafi gengið eftir. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á: Gervigreind á að styðja við launafólk, ekki grafa undan því.

Í lok ráðstefnunnar voru samþykktar ályktanir gegn öfgahægri öflum og til varnar lýðræði. Peter Hellberg og Oliver Roethig voru endurkjörnir sem forseti og svæðisritari UNI Europa og Lieveke Norga kjörin sem fyrsti varaforseti. Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, var kjörin fulltrúi Landssambands ísl. verzlunarmanna í framkvæmdaráð UNI Europa, við þetta tækifæri, sem er í fyrsta skipti sem fulltrúi Íslands á sæti í ráðinu. Ráðið fer með stefnumörkun þessara stóru heildarsamtaka launafólks í þjónustu- og verslunargeiranum á almennum markaði í Evrópu. Í ráðinu sitja tíu fulltrúar Norðurlandanna og er Halla fyrsti fulltrúi Íslands sem þar situr. Framboð og kjör Höllu endurspeglar áherslu aðildarfélaga LÍV á öflugt samstarf verslunarfélaga á Norðurlöndum og innan Evrópu. Þátttaka í framkvæmdaráðinu færir Íslandi rödd í alþjóðlegu samstarfi evrópskra stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði.

### Sameinuð stéttarfélög – sterkari Evrópa

Skilaboð ráðstefnunnar voru skýr: Launafólk um alla Evrópu á rétt á raunverulegum áhrifum, hærri launum og að teknar séu sanngjarnar og mannúðlegar ákvarðanir um framtíð vinnunnar. Þau markmið nást aðeins með samstöðu, skipulagningu og öflugri verkalýðshreyfingu sem er tilbúin að takast á við bæði pólitískar og tæknilegar áskoranir komandi ára.

**Fulltrúar LÍV**
Agnes Reykdal
Eiður Stefánsson
Halla Gunnarsdóttir
Helgi Jóhannsson
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir
Sigmundur Halldórsson

**UNI Europa Youth Summer School**

Fór fram í Torremolinos (Málaga), Spáni dagana 6.–10. október 2025. Ungliðaskóli UNI Europa er fræðslu- og tengslaviðburður ætlaður ungu stéttarfélagsfólki, opinn öllum fulltrúum aðildarfélaga UNI Europa sem eru 35 ára og yngri.

Megintilgangur ungliðaskólans er:

- Að efla verkalýðshreyfinguna með því að styrkja ung leiðtogaefni.
- Að þjálfa hæfni í samningatækni, samskiptum, leiðtogahæfni og jafnréttismálum.
- Að auka meðvitund um málefni ungs fólks á vinnumarkaði og samþætta þau í starfsemi stéttarfélaga.
- Að hvetja til virkrar þátttöku ungs fólks í starfsemi og uppbyggingu UNI Europa og aðildarfélaga þess.
- Að efla sjálfstraust ungra stéttarfélagsliða til að styðja við þeirra starf innan verkalýðshreyfingarinnar.
- Að styðja ungt fólk við að setja sér persónuleg markmið og finna eigin leið í starfi innan stéttarfélaga.

**Fulltrúar LÍV**
Andrea Rut Pálsdóttir
Styrmir Jökull Einarsson

## Skýrslur aðildarfélaga

VR
FVSA
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
AFL
Framsýn
Stéttarfélagið Samstaða
Stéttarfélag Vesturlands
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar

## AFL Starfsgreinafélag – deild verslunar og skrifstofufólks

Gunnhildur Imsland formaður deildar
Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir varaformaður deildar

Þróun félagsmannafjölda AFLs
Félagsmannafjöldi í verslunarmannadeild samkvæmt skýrslum 2021 til 2024.

| | Greiðandi | | | | Gjaldfrjálsir | | | | Heildarfjöldi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Karlar | Konur | Annað | Samtals | Karlar | Konur | Annað | Samtals | Samtals |
| 2023 | 167 | 283 | 0 | 450 | 14 | 39 | 0 | 47 | 503 |
| 2024 | 162 | 272 | 0 | 434 | 13 | 38 | 0 | 53 | 485 |
| 2025 | 194 | 280 | 1 | 474 | 13 | 40 | 0 | 53 | 527 |

### Félagsstarf og fundir
Verslunar- og skrifstofudeildin er ein af fjórum deildum AFLs Starfsgreinafélags en auk hennar eru sjómannadeild, iðnaðarmannadeild og almenn starfsgreinadeild.

Deildin er þátttakandi í félagsstarfi heildarinnar og sinnir jafnframt sérmálum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt ýmsir viðburðir. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum, aðalstjórn félagsins fundar um það bil 10 sinnum á ári.

### Kjaramál
Vinna í og við kjarasamninga deildarinnar hefur verið í góðu samstarfi við LÍV og hefur deildin verið með umboð fyrir kjarasamningsgerð hjá landssambandinu. Túlkanir og eftirfylgni eru að mestu leyti hjá félaginu.

### Sjúkrasjóður
Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki.
Greiðslur sjúkradagpeninga eru 85% af meðallaunum en þó með þaki sem stendur nú í tæplega 1.500.000 krónum á mánuði. Hæstu styrkirnir eru vegna læknisferða út fyrir svæðið auk sjúkraþjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja.
Töluverðar sveiflur eru í útgreiðslum úr sjúkrasjóði milli ára, bæði í sjúkradagpeningum og styrkjum.

### Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa
Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem vegna orlofs en ekki síður samastaður þeirra sem þurfa að leita sér læknisaðstoðar, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s. ódýrari gistingu á hótel, útilegu- og veiðikort og fleira.

### Fræðslumál
Félagið er í samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

### Atvinnumál svæðisins
Atvinnuástand á svæðinu er almennt gott.

### Samskipti við atvinnurekendur
Samskipti við atvinnurekendur eru í ákveðnum farvegi. Í venjulegu árferði stendur félagið fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti í samstarfi við ASÍ

# Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA)

## Starfsemi

Félagið er með skrifstofu á þriðju hæð Alþýðuhússins á Akureyri auk þess að sjá um 11% rekstrarhlut á skrifstofu stéttarfélaganna við Eyjafjörð á Siglufirði. Starfsmenn eru fimm í 4,6 stöðugildum. Félagafjöldi hefur haldist svipaður á milli ára, fullgildir félagar eru 2.418, þar af eru 419 lífeyrisþegar. Konur eru um 60% af félagsfólki. Rekstur félagsins er í góðum farveg, samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2024 var rekstrarafgangur félagsins 36 m.kr. og eigið fé í árslok nam 828 m.kr.



## Stjórn FVSA starfsárið 2024-2025

Stjórn félagsins er mynduð af fimm manna félagsstjórn auk þriggja varamanna. Stjórn FVSA fundaði alls ellefu sinnum á liðnu starfsári og níu sinnum árið á undan. Trúnaðarráð er skipað stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn auk þrettán fullgildra félagsmanna með níu til vara. Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarráði á liðnu starfsári og þrír árið á undan, auk vinnufundar þeirra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Félagsfundur var haldin í mars á þessu ári þar sem formaður kynnti kjarasamning LÍV við SA. Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 24. febrúar 2025. Fundargerðir má nálgast inni á vef félagsins www.fvsa.is.

Á liðnu starfsári átti FVSA fulltrúa á ársfundi Stapa Lífeyrissjóðs, 38. þingi Alþýðusambands Norðurlands, 46. þingi Alþýðusambands Íslands og 10. þingi ASÍ-UNG. Þá sótti stór hópur félagskvenna kvennaráðstefnu ASÍ, starfsfólk FVSA tók þátt í vinnufundi LÍV á Húsavík og svo fjölmennti starfs- og félagsfólk á vinnufundi ASÍ, en þar var fjallað um þau málefni sem lágu fyrir þingi sambandsins, haustið 2024.



Þingfulltrúar FVSA á þingi ASÍ, mynd af þingvef




Fulltrúar FVSA á kvennaráðstefnu ASÍ 2024 á Akureyri

## Sjúkrasjóður

Stjórn sjúkrasjóðs er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Stjórn sjóðsins fundaði fimm sinnum á liðnu starfsári. Verkefni sjóðsins er að veita félagsfólki FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda,-slysa- og dánartilvikum. Ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsfólks með heilsueflandi styrkjum.

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2024 voru 67.5 m.kr., sem er lækkun frá árinu áður um 2.7 m.kr. Í heildina voru sjúkradagpeningar greiddir í 186 mánuði til 65 einstaklinga, þar af voru 53 konur og 12 karlar. Alls voru greiddir 1.653 styrkir til 870 félaga úr sjúkrasjóði árið 2024, samtals að upphæð 35m.kr.

## Starfsmenntasjóður

Alls fengu 387 félagar FVSA úthlutað starfsmenntastyrk árið 2024, samtals að upphæð 39.255.671 kr. Alls var úthlutað

hærri heildarupphæð en árið áður, eða sem nemur ríflega 4,9 milljónum, sem má að hluta til rekja til hækkunar styrkja milli ára sem tilkynnt var um áramótin 2023/2024.

**Skoðanakönnun**

Dagana 18. nóvember til 17. desember 2024 bauð FVSA félagsfólki sínu að taka þátt í skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi að beiðni félagsins. Heildarúrtak var 1.545 einstaklingar, fjöldi svarenda var 677, eða 43,8%.

Jákvæður munur mældist á ánægju félagsfólks með þjónustu félagsins frá fyrri könnun, en alls sögðust 87,6% svarenda frekar eða mjög ánægt. Sömuleiðis fannst 87,2% félagsfólks frekar eða mjög auðvelt að leita upplýsinga eða stuðnings frá félaginu ef á þyrfti að halda.

Af þeim sem svöruðu könnuninni voru 441 eða 66,5% í fullu starfi og 179 eða 27% í hlutastarfi. Af öllum starfandi voru 36,6% í afgreiðslustarfi eða öðru þjónustustarfi, 32,6% í skrifstofustarfi, 18% í stjórnendastarfi og 12,8% í sérfræðistarfi sem krefst háskólamenntunar. Meðaltal heildarlauna svarenda í fullu starfi var 815.000 kr. fyrir skatt.

Spurt var um áhyggjur af fjárhagslegri stöðu og reyndust 25,1% svarenda hafa miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, 47,5% hafa litlar eða engar áhyggjur og 27,4% svöruðu hvorki né. Þá hafa 9,4% átt í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum af einhverjum af lánum sínum og 16,3% hafa alltaf eða oft átt erfitt með að ná endum saman sl. 6 mánuði. Fjárhagsástæður hafa einnig mælanleg neikvæð áhrif á lífsgæði og heilsu hluta félagsfólks sem frestar eða hættir við að leita til læknis (9,2%) og tannlæknis (19,8%), og hafði minnkað eða hætt þátttöku sinni eða barna sinna í heilsueflingu og/eða tómstundum (18,3%). Mánaðarlegur húsnæðiskostnaður hafði, samkvæmt könnuninni, hækkað umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir, eða að meðaltali um 39.923 kr.

Rétt tæplega helmingur svarenda með barn eða börn á leikskóla, eða 46,3%, sögðust óánægð með gjaldskrárbreytingu (Kópavogsmódel) á leikskólanum þar sem það átti við. Þá sögðu 30,2% kostnað við leikskólagjöld hafa hækkað verulega við breytinguna. Kostnaður hækkar mest hjá þeim sem eru með 650.000 kr. eða lægra í mánaðarlaun, eða hjá 44% svarenda.







Til vinstri er graf sem sýnir hversu ánægt eða óánægt félagsfólk með börn á leikskóla er með gjaldskrárbreytingar (Kópavogsmódelið) þar sem það á við. Til hægri má sjá dreyfingu á niðurstöðum eftir lengd á vistunartíma barna.

**Fræðslu- og félagsstarf**

Reglulega er trúnaðarmönnum boðið á morgunfundi hjá félaginu þar sem þeim er veitt innsýn inn í störf félagsins og hreyfingarinnar í heild, fundirnir hafa vakið mikla lukku og eflt tengsl og samskipti trúnaðarmanna innbyrðis og við starfsfólk félagsins. Trúnaðarmenn sækja að auki námskeið hjá Félagsmálaskóla Alþýðu. Þá er lögð rík áhersla á að starfsfólk og þau sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið sæki fræðslu og þekkingu á sviði verkalýðsmála eftir því sem færi gefst.

Félagið miðlar upplýsingum til félagsfólks með rafrænum fréttabréfum, tilkynningum á samfélagsmiðlum, staðarmiðlum og vef félagsins. Um 55% aukning var á umferð um vef félagsins milli ára, 49.476 manns skoðuðu vefinn í tæplega 80.000 heimsóknum.

Árlega tekur FVSA þátt í Starfamessu á vegum grunnskóla Akureyrar auk þess að bjóða upp á fræðslu í tíunda bekk í öllum skólum Eyjafjarðar. Þá tekur félagið virkan þátt í hátíðarhöldum stéttarfélagana við Eyjafjörð á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, 1. maí., býður eldra félagsfólki í leikhús og þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið á skemmtikvöld.

**Kjaramálasvið**

Á þriðja hundrað fyrirspurnir bárust kjaramálasviði á síðasta ári, þar af komu yfir sjötíu félagsmenn á skrifstofu félagsins og fengu aðstoð vegna kjaramála. Yfir 200 tölvupóstar og símtöl bárust frá félagsmönnum og atvinnurekendum varðandi kjaramál. FVSA innheimti tæpar sjö milljónir króna fyrir hönd tíu félagsmanna vegna vangreiddra launa. Þar af voru sjö mál leyst með samkomulagi starfsmanna kjarasviðs FVSA við atvinnurekendur. Þrjú mál fóru í innheimtu hjá lögfræðingi.

**Orlofssjóður**

FVSA á sjö íbúðir í Reykjavík og er ein af þeim leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum, hús í Vaglaskógi og í Húsafelli. Sumarið 2024 var félagið með í framleigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði, á Einarsstöðum á Héraði auk íbúðar á Alicante. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð yfir sumarið til að auka fjölbreytni. Góð nýting er á orlofskostum FVSA og ánægja með staðsetningu og aðbúnað. Önnur hlutverk orlofsjóðs er að úthluta orlofsstyrkjum, hafa milligöngu um sölu á Veiði- og Útilegukortinu ásamt niðurgreiddum inneignarbréfum fyrir flug og gistingu.



Hús félagsins nr. 2 og 12 á Illugastöðum voru opnuð aftur fyrir páska árið 2024 eftir uppfærslu.



Frá starfsdegi trúnaðarmanna á Illugastöðum, maí 2024

## Framsýn stéttarfélag

Formaður Aðalsteinn Á. Baldursson
Varaformaður Ósk Helgadóttir
Formaður deildar Aðalsteinn J. Halldórsson
Varaformaður deildar Elva Héðinsdóttir

**Þróun félagsmannafjölda:**
Heildarfjöldi félagsmanna um síðustu áramót var samtals 3.347 sem er svipaður fjöldi milli ára. Félagið er deildaskipt. Innan deildar verslunar- og skrifstofufólks eru 450 félagsmenn.

**Rekstur félagsins**
Fjárhagsleg afkoma Framsýnar var góð á árinu 2024. Rekstrarafgangur var af öllum sjóðum félagsins. Rekstrartekjur félagsins námu kr. 420,6 milljónum sem er hækkun um 0,8% milli ára. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 369,2 milljónum 2024 á móti kr. 359,8 milljónum á árinu 2023 sem er hækkun upp á um 2,6%. Rekstrargjöld hækkuðu um 19,9% á milli ára en þau námu kr. 323,1 milljón 2024 samanborið við 269,4 milljónir árið á undan. Þar vegur þyngst hækkun á bótum og styrkjum úr sjúkrasjóði. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði er stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar. Í árslok 2024 var tekjuafgangur félagsins kr. 232,9 milljónir en var kr. 292,3 milljónir árið 2023. Fundarmenn sem tóku þátt í aðalfundi félagsins sem haldinn var 23. apríl 2025 sáu ástæðu til að standa upp og klappa fyrir starfsemi félagsins.

**Félagsstarf og fundir**



Framsýn heldur úti öflugu félagsstarfi. Fundað er reglulega í félaginu og deildum þess s.s. deild verslunar- og skrifstofufólks. Innan félagsins er starfandi Framsýn-ung sem fundar reglulega. Mikið er lagt upp úr vinnustaðaheimsóknum og fræðslustarfsemi fyrir almenna félagsmenn. Þá eru reglulega haldin trúnaðarmannanámskeið. Almennt er mikið lagt upp úr því að eiga gott samstarf við félagsmenn, atvinnurekendur og aðra samstarfsaðila á hverjum tíma. Líkt og önnur stéttarfélög hefur Framsýn orðið að takast á við breyttan vinnumarkað þar sem erlendum félagsmönnum hefur fjölgað verulega á félagssvæðinu. Til að mæta þessu breytta landslagi ákvað félagið að ráða sérstakan starfsmann sem ætlað að sinna þessum ört fjölgandi hópi félagsmanna sem þegar hefur skilað mjög góðum árangri.

**Sjúkrasjóður**
Á árinu 2024 voru 1.563 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði Framsýnar til félagsmanna en voru 1.389 árið 2023. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 133.651.922,-. Sama upphæð fyrir árið á undan var kr. 96.443.425,-. Samkvæmt þessu er gríðarleg hækkun á styrkjum úr sjóðnum milli ára eða um 39% sem kallar á frekari viðbrögð félagsins.

**Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**
Félagið býður félagsmönnum upp á marga góða kosti varðandi orlofsdvöl og sífellt er unnið að því að auka framboðið. Í því sambandi má nefna að framboð félagsmanna í gegnum orlofsvef félagsins hefur verið stóraukið á liðnum árum með samningum við ferðaþjónustuaðila víða um land. Þannig vill félagið stuðla að því að félagsmenn geti notið þess að fara í frí innanlands. Framsýn á orlofshús og íbúðir víða um land auk þess sem félagið hefur aðgengi að íbúð á Spáni. Til að auka þjónustu enn frekar við félagsmenn byggði félagið orlofsíbúð á Húsavík sem tekin var í notkun haustið 2024.

## Fræðslumál

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2024 fengu 395 félagsmenn greiddar kr. 28.895.120,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Sambærileg tala fyrir árið 2023 var kr. 24.194.125,-. Þá má geta þess að félagið leggur mikið upp úr heimsóknum í skóla með fræðslu um starfsemi stéttarfélaga og vinnumarkaðinn, það er í vinnuskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á félagssvæðinu. Þó nokkuð er um að fyrirtæki og stofnanir leiti til félagsins eftir fræðslu fyrir starfsmenn sem tengist réttindum og skyldum þeirra á vinnumarkaði sem er afar ánægjulegt. Þá eru starfsmenn félagsins reglulega beðnir um að kenna á námskeiðum er tengjast vinnurétti enda mikil þekking til staðar á skrifstofu félagsins.

## Leiguhúsnæði fyrir almennt verkafólk

Framsýn hefur unnið að því að tryggja tekjulágu fólki á leigumarkaði húsnæði á viðráðanlegu verði. Hvað það varðar kom félagið því til leiðar að Bjarg íbúðafélag hóf uppbyggingu á slíku húsnæði á Húsavík árið 2024 en Bjarg er sérsniðið að tekjulágum einstaklingum á vinnumarkaði sem eiga hvað erfiðast með að komast í leiguhúsnæði á almenna húsnæðismarkaðinum vegna tekna. Um er að ræða sex íbúða raðhús. Alls bárust 44 umsóknir um íbúðirnar. Miðað við fjölda umsókna, virðist augljóst að mikil þörf er fyrir íbúðir sem þessar. Framsýn hefur því ákveðið að hefja viðræður við Bjarg um frekari uppbyggingu á félagssvæðinu.

## Vegleg gjöf til HSN

Framsýn færði Styrktarfélagi HSN í Þingeyjarsýslum veglega gjöf á árinu 2024 til kaupa á tækjum og búnaði fyrir stofnunina. Um er að ræða lang stærstu gjöfina sem félagið hefur gefið fram að þessu eða kr. 15.000.000,-.  Búnaðurinn sem keyptur var, samanstendur m.a. af fullkomnu hjartaómtæki.

Gjöfin kemur til með að bæta búsetu- og lífsskilyrði fólks í Þingeyjarsýslum. Félagið kom einnig að því að styðja við bakið á æskulýðs- og íþróttastarfsemi á svæðinu sem og menningarstarfsemi.

## Kvennaráðstefna ASÍ

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin á Akureyri 14. og 15. nóvember 2024 undir yfirskriftinni: „Ryðjum hindrunum úr vegi – kvenfrelsi og stéttabarátta.“ Fyrir hönd Framsýnar sátu Ósk Helgadóttir og Agnieszka Szczodrowska ráðstefnuna sem jafnframt stóðu að málstofu á ráðstefnunni sem bar yfirskriftina: „Samfélagið okkar – konur og fjölmenning.“




## Atvinnumál svæðisins

Á árunum 2023 til 2024 var atvinnuástandið á félagssvæðinu með miklum ágætum. Eins og staðan er í dag vantar starfsfólk til starfa í flestar atvinnugreinar. Kjölfestan í atvinnumálum í Þingeyjarsýslum hefur verið verslun- og þjónusta, ferðaþjónusta, iðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður og opinber þjónusta.

## Upplýsingamiðlun

Framsýn stendur afar vel um þessar mundir. Styrkur félagsins kemur ekki síst fram í góðri þjónustu við félagsmenn, góðu aðgengi að sjóðum félagsins, öflugum starfsmenntastyrkjum og orlofsíbúðum.

Í starfi stéttarfélaga er mikilvægt að sinna góðu upplýsingastreymi til félagsmanna. Hvað það varðar hefur félagið haldið úti öflugri vefsíðu auk þess að gefa reglulega út fréttabréf sem ætlað er að miðla mikilvægum upplýsingum til félagsmanna.

## Samskipti við atvinnurekendur

Framsýn hefur almennt átt mjög gott samstarf við atvinnurekendur á félagssvæðinu enda lagt mikið upp úr góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld. Ljóst er að Framsýn nýtur mikillar virðingar á svæðinu enda ekki óalgengt að fyrirtæki auk félagsmanna leiti eftir ráðgjöf og þjónustu hjá félaginu. Þá hafa sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum gert í því að fá Framsýn að borðinu er varðar atvinnu- og byggðamál. Svo ekki sé talað um velferðarmál.

# Stéttarfélagið Samstaða

**Þróun félagsmannafjölda**

Félagsmenn Stf. Samstöðu sem voru greiðandi 31. des. 2024 ásamt gjaldfrjálsum (sjá skýrslu ASÍ) voru í 792 sem er svipað milli ára. Í deild verslunarmanna 31. des 2024 voru 69 þar af 16 gjaldfrjálsir. Formaður Stéttarfélags Samstöðu er Sigurey Agatha Ólafsdóttir og formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Vigdís Edda Guðbrandsdóttir.

**Rekstur félagsins og húsnæði**

Félagið er með aðalskrifstofu sína á Blönduósi sem er opin alla virka daga, og er í eigin húsnæði. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leiguhúsnæði og þar er starfsmaður í 23% starfi. Rekstur félagsins er með sama hætti og undanfarin ár og vísast þar í ársreikninga félagsins.

**Félagsstarf og fundir**

Stjórnarfundir eru alla jafna einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum, þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni, það er til dæmis fundað oftar þegar kjarasamningar eru í gangi. Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

**Sjúkrasjóður**

Rekstur sjúkrasjóðs var svipaður árin 2023 og 2024 Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var jákvæð 15 millj. kr. og er í ágætu jafnvægi. Félagsmenn nýta sér mikið einstaka flokka s.s. sjúkraþjálfun, nudd, kírópraktor, gleraugnastyrki, krabbameinsskoðanir og íþróttastyrki.

Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar. Vísað er að öðru leytið í lög sjúkrasjóðs Stf. Samstöðu.

**Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi Í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og framleigt sínum félagsmönnum og var sumarið 2024 það síðasta í bili með því fyrirkomulagi. Sumarið 2025 varð breyting og kom í staðinn gisting innanlands að eigin vali.

**Fræðslumál**

Trúnaðarmannanámskeið var haldið á Laugarbakka í okt-nóv 2024 í samvinnu við Ölduna stéttarfélag og Verslunarmannafélag Skagafjarðar.

Margir félagsmenn nýttu sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Félagið bauð upp á námskeið í samráði við Farskólann, fyrir sína félagsmenn endurgjaldslaust. Einnig hafa félagsmenn hafa verið duglegir að nýta sér starfsmenntasjóðina sem Stéttarfélagið er aðili að.

**Samskipti við atvinnurekendur**

Samskipti við verslunareigendur og rekendur á svæðinu hafa verið lítil en góð. Eftirlit hér hefur ekki verið nægilega virkt síðastliðið ár.

## Stéttarfélag Vesturlands

Nokkur breyting var gerð á stjórn 2023 er það urðu formannaskipti í félaginu. Silja Eyrún Steingrímsdóttir fyrrum skrifstofustjóri félagsins tók við keflinu af Signýju Jóhannesdóttur og Baldur Jónsson fór úr stjórn sem ritari og við tók Einar Reynisson.

Tekjur félagsins aukast milli áranna 2022 og 23 um rúm 8%, en heildariðgjaldatekjur milli áranna 2021 og 2022 hækkuðu um rúm 20%. Félagssjóður og Sjúkrasjóður skiluðu jákvæðum niðurstöðum en orlofssjóður var neikvæður. Rekstur samstæðunnar var alls jákvæð um 32,6 milljónir 2023 en var jákvæður um 44,5 millj. kr. á árinu 2022.

**Félagssjóður**
Rekstrarniðurstaða sjóðsins var jákvæð um rúmar 20 millj. árið 2023 en var jákvæður um 15.5 milljónir á árinu 2022. Eigið fé félagssjóðs að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 81,51 millj. kr. en var 61 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstri var nú 20,3 milljónir en var 15,5 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi ársins á undan. Handbært fé jókst um 23,5 milljón á árinu en jókst um 20,5 millj. kr. árið á undan. Handbært fé félagssjóðs í árslok nam 61,7 millj. kr.

**Sjúkrasjóður**
Rekstrarniðurstaða ársins 2023 var jákvæð um rúmar 14,1 milljónir en var jákvæð um 25 millj. kr.árið á undan. Eigið fé sjóðsins í árslok 2022 nam 215,1 millj. kr. en var 201 millj. kr. í árslok 2022. Veltufé frá rekstri nam 14 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé jókst um 14,8 millj. kr. á árinu. Handbært fé sjúkrasjóðs í árslok nam tæpl.153,1 millj. kr. en var 163,3 millj. kr. í árslok 2022. Gerð var úttekt á stöðu sjúkrasjóðs miðað við árslok 2018 af Davíð Búa Halldórssyni hjá ENOR í samræmi við breytt lög ASÍ. Skoðun ENOR byggir á þróun sjúkrasjóðsins á 5 ára tímabili þ.e. 2013 – 2018 og niðurstöðurnar gefa til kynna að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum sínum við sjóðfélaga. Næsta sambærilega úttekt mun fara fram á árinu 2024 miðað við árslok 2023.

**Orlofssjóður**
Rekstur orlofssjóðs var neikvæður árið 2023 um 1,9 millj. kr. Eigið fé orlofssjóðs í árslok 104,9 millj. kr. Miklar framkvæmdir hafa verið á vegum orlofssjóðs bæði í Kiðárskógum 10 í Húsafelli og Ásholti 2 í Reykjavík.

**Samandreginn ársreikningur**
Rekstrarniðurstaða félagssjóðs, sjúkrasjóðs og orlofssjóðs samanlagt var jákvæð árið 2023 um 32,6 millj. en árið 2022 um 44,4 millj. kr. Eignir félagsins voru samtals 410,8 millj. kr. í árslok 2023 á móti 367,4 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstri nam 32,6 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé sjóðanna jókst um rúmar 21,7 millj. kr. á árinu, var 226,8 millj. kr. í árslok.

**Annað um fjármál og rekstur**
Félagsgjald til Stéttarfélags Vesturlands árið 2023 var 1% af launum félagsmanna.

Félagið lagði 5 milljónir í vinnudeilusjóð á árinu 2023. Vinnudeilusjóður félagsins var látinn bera kostnað við kjarasamningagerð eins og heimilt er samkvæmt b lið 2. gr. reglugerðar sjóðsins. Stjórn félagsins hefur nýtt þá heimild frá árinu 2013. Breyting hefur orðið á framkvæmd við gerð kjarasamninga og hvert félag ber kostnað af þeim samninganefndarmönnum sem félagið sendir til viðræðnanna. Gildir þá einu hvort um er að ræða almennan félagsmann, stjórnendur einstakra samningshópa eða framkvæmdastjórnarmenn innan SGS. Kostnaði við gerð kjarasamninga er því ekki jafnað á félögin eftir stærð eins og áður.

Annar sjóður í vörslu Félagssjóðs er Fræðslu- og menningarsjóður. Hann stendur nú í kr. 3.850.137 (2.587.127) og tekjur hans hafa eingöngu verið fjármagnstekjur. Þessi sjóður var við stofnun hans fyrst og fremst hugsaður til að kosta ritun og útgáfu sögu Verkalýðsfélags Borgarness. Lítilsháttar hefur verið veitt úr sjóðnum til að styrkja einstaklinga sem ekki eiga rétt á styrkjum úr öðrum fræðslusjóðum. Reglugerð fyrir sjóðinn var samþykkt á aðalfundi 2008.

Á árinu 2023 var ákveðið á aðalfundi félagsins að leggja tvær milljónir í sjóðinn. Á aðalfundi vegna f  verður lögð fram

tillaga um að næstu þrjú árin verði lagðar 750 þúsund krónur í sjóðinn árlega og skal það endurskoðað á árinu 2027.

Félagssjóður og sjúkrasjóður félagsins eiga að jöfnu Alþýðuhúsið, Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu 2020, þar sem hljóðvist var lagfærð, móttöku félagsmanna á biðstofum var gjörbreytt og öll vinunnuaðstaða bætt. Enn má þó bæta hljóðvistina töluvert. Mikil ánægja er meðal starfsmanna og gesta/félagsmanna með breytingarnar. Húsnæði félagsins á Miðbraut í Búðardal var selt Dalabyggð í árslok 2022. Orlofssjóður á tvö orlofshús í Húsafelli og á auk þeirra hús í Ölfusborgum. Sjóðurinn hefur átt frá því í ársbyrjun 2011 glæsilega íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík. Í ársbyrjun 2016 var keypt 110 fermetra íbúð á Akureyri í nýju fjölbýlishúsi að Ásatúni 26.

**Fræðslu- og upplýsingamál**

Félagsfréttir hafa ekki verið gefnar út síðan í janúar 2018. Reynt hefur verið að leggja áherslu á að uppfæra vefsíðuna reglulega og nýta svo Facebook til auglýsinga. Við sögðum frá því á árinu 2021 að til umræðu hefur verið að kaupa aðgang að félags- og bókhaldskerfi sem AFL á Austurlandi hefur látið smíða fyrir sig. Kerfið er sérhannað með þarfir deildaskiptra stéttarfélaga í huga. Það heldur utanum orlofskerfið og félagar hafa aðgang að „Mínum síðum" og geta séð ýmsar upplýsingar um sig, geta sótt um og bókað orlofshús og sótt um styrki. Kerfið gefur mikla möguleika á samskiptum við félagsmennina, m.a. að senda út rafræn fréttabréf og annast ýmsar kosningar. AFL lét smíða þetta í tengslum við Navision bókhaldskerfið, en Stéttarfélag Vesturlands hefur verið að nota DK. Á árinu 2022 var undirritaður samstarfssamningur um þetta nýja kerfi sem og um nýtt bókhaldskerfi og stóð til að Stéttarfélag Vesturlands myndi fara inn í Navison og Tótal á árinu 2023. Það gekk þó ekki eftir og urðu breytingar á þjónustuaðila bókhaldskerfa í samstarfinu og Wise varð sá aðili sem samið var við. Í upphafi árs 2024 var loks hafist handa við innleiðingu Tótal og bókhaldið fært til Wise. Árið 2023 fór því í áframhaldandi undirbúning við innleiðinguna.

**6. kafli - Starfsmenntasjóðir**

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitti 19 (26) (34) félagsmönnum styrki á árinu, 2 (6) (11) körlum og 17 (20) (23) konum. Heildarsamtala styrkja var kr. 1.608.013.- (2.037.265.-) (2.815.893). Styrkjunum fækkar aftur milli ára og sérstaklega þá hjá körlum. Engar skýringar eru á þessum breytingum frekar en hjá öðrum menntasjóðum. Námskeiðin sem styrkt voru, voru mjög fjölbreytt til dæmis ökunám, háskólanám, sjálfstyrking og fleira áhugavert.

Eigin sjóður Stéttarfélags Vesturlands veitti styrki til 8 (6) (3) félagsmanna á árinu 2023 að heildarupphæð 416.940.- (288.110.-) (482.160), það voru 5 konur og 3 karlar sem fengu styrki. Úr eigin sjóði félagsins fá þeir styrki sem eru innan Iðunnar og fá því ekki úthlutað styrkjum úr þeim sjóði þar sem hann skipuleggur starfsmennanámskeið sjálfur fyrir félagsmenn. Að þessu sinni voru þetta fjölbreyttir styrkir bæði til náms og tómstunda. Hjá eigin sjóði gilda sömu úthlutunarreglur úr eigin sjóði félagsins eins og úr Landsmennt.

Eins og sjá má af þessum tölum eru konur enn aðeins duglegri að sækja sér starfsmenntastyrki en karlar, en á árinu 2023 var heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 188 (149) (162) . Af þeim fjölda fóru 89 (57) (67) styrkir til karla en 99 (92) (95) styrkir til kvenna. Karlar eru þó mun duglegri að sækja um styrk þetta árið en mörg ár á undan.

**Eftirlit á vinnustöðum**

Vinnustaðaeftirlit tók breytingum árið 2023, Anna Halldórsdóttir sem hefur sinnt eftirlitinu varð skrifstofustjóri og hefur því Signý Jóhannesdóttir fráfarandi formaður tekið við keflinu og orðin einskonar „fræðsluerindreki" félagsins. Elín Ósk Sigurðardóttir hefur sinnt vinnustaðaeftirliti og verðlagseftirliti í hjáverkum fyrir ASÍ. Adam Kári Helgason eftirlitsfulltrúi fagfélagana hefur einnig liðsinnt okkur.

Breytingar hafa orðið á eftirlitinu frá fyrri árum, höfum við lagt pappírinn til hliðar og notaður er Ipad í staðinn. Vegna þess er ekki til nákvæmar tölur um heimsóknir þar sem skráningarkerfið Finnur heldur ekki utan um það. Nýr Finnur verður tekinn í notkun árið 2024 og verður þetta atriði meðal annars betrumbætt. Fjöldi heimsókna hafa þó verið svipaður og síðustu ár.

Anna, Elín og Signý sóttu starfsdaga eftirlitsfulltrúa á Akureyri, þær tvær síðarnefndu hafa líka verið á stöðufundum á tveggja vikna fresti.

Í eftirlitsheimsóknum eru einstaklingar sem eru starfandi á vinnustaðnum skráðir, en einnig eru starfskjör skoðuð sem og aðbúnaður starfsfólks. Ef brot á aðbúnaði finnast eru brotin tilkynnt til viðkomandi stofnana.
Í heimsóknum kemur oft í ljós að starfandi einstaklingur er ekki skáður í rétt aðildafélag, eins eru vinnustaðaskírteini ekki til staðar. Skrifuð er eftirlitsskýrsla, frestur veittur til úrbóta og fyrirtækið heimsótt aftur að honum loknum.

Hafi fyrirtækið þá ekki gert úrbætur er afrit af eftirlitsskýrslunni sent til Vinnumálastofnunnar sem þá sendir áminningarbréf á viðkomandi fyrirtæki. Stofnunin hefur heimild til að beita dagsektum vegna vöntun á vinnustaðaskírteini sem getur numið allt að einni milljón króna á dag.

**10. kafli - Fasteignir félagsins og skrifstofuhald**

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald. Seint á árinu 2022 kom upp leki í íbúð félagsins í Ásholti, um tryggingmál var að ræða og var endurbótum ekki lokið fyrr en komið var fram á 2023. Á árinu 2022 seldi félagið skrifstofur sem það átti að Miðbraut 11 í Búðardal.

Nokkuð miklar endurbætur hafa verið gerðar á Kiðárskógum 10 sem er annað orlofshúsa félagsins í Húsafelli. Ráðist var í heilmiklar framkvæmdir m.a. með því að fjölga herbergi um eitt, færa baðherbergi til, stórbæta eldhúsaðstöðu og fleira. Húsið er allt hið glæsilegasta og vonandi að það nýtist félagsmönnum vel. Önnur hús eru komin með viðhaldsþörf eins og hús félagsins í Ölfusborgum og er það í höndum stjórnar orlofssjóðs að taka ákvörðun um framhaldið með það hús. Kiðárskógar 1 fer líka að þurfa viðhald á næstu árum. Íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík eru í mjög góðu ástandi.

## Þróun félagsmannafjölda

Fjöldi félaga í verslunardeild Verkalýðsfélags Snæfellinga sveiflast nokkuð milli ára. Árið 2023 voru ársverkin 71 en árið 2024 voru þau 67.

## Rekstur félagsins og húsnæði

Verslunardeild Verkalýðsfélags Snæfellinga er ekki haldið sér í bókhaldi félagsins, verslunarmenn eru hluti félaga í VERKS. Eins og sést í ársreikningum félagsins var rekstur félagsins góður á árunum 2023 og 2024. Félagið er með aðalskrifstofu í Ólafsvík en rekur einnig skrifstofur í Grundarfirði og Stykkishólmi. Hjá félaginu starfa 7 mans í 5,3 stöðugildum. Fjöldi félagsmanna hefur verið á hægri  uppleið undanfarin ár.

## Félagsstarf og fundir

### 2023

Haldnir voru 10 stjórnarfundir, 2 trúnaðarráðsfundir auk aðalfundar og 1 almennur félagsfundur.

### 2024

Haldnir voru 11 stjórnarfundir, 3 trúnaðarráðsfundir og einn félagsfundur í félaginu auk aðalfundar. Haldnir voru 2 vinnustaðafundir auk nokkurra funda vegna kjörs trúnaðarmanna. Einn sérstakur fundur verslunardeildar var haldinn á árinu.

## Sjúkrasjóður

Starfsmaður félagsins fer yfir umsóknir og afgreiðir samkvæmt reglum félagsins, ef vafi er á afgreiðslu kallar starfsmaður stjórnina saman, styrkir eru greiddir út tvisvar í mánuði, 15. hvers mánaðar og um mánaðarmót. Aukning hefur orðið í umsóknum um sjúkradagpeninga en eiginfjárstaða sjóðsins er sterk. Sjóðurinn skilaði afgangi árið 2023 en 2024 var lítilsháttar halli á rekstri sjóðsins fyrir fjármagnstekjur.

## Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur fjórar íbúðir í Kópavogi og eina í Reykjavík, einnig á félagið þrjá sumarbústaði, í Svignaskarði, Stykkishólmi og Brekkuskógi. Félagið á líka ¼ hlut í Altomar sem er hlutafélag í eigu fjögurra félaga sem reka saman leiguíbúð á Spáni. Rekstur orlofssjóðs hefur verið góður síðustu ár.

## Fræðslumál

Félagar í verslunardeild VERKS greiða í starfsmennt. Umsóknir um styrki í starfsmennt voru átta árið 2023 en þrír árið 2024.

## Atvinnumál svæðisins

Á svæðinu er nægt framboð atvinnu og er mikið um erlent farandverkafólk. Það sem helst hefur verið til vandræða við að fá fólk til starfa er viðvarandi skortur á íbúðahúsnæði. Atvinnuleysi sveiflast hér mikið, á árunum 2023 og 2024 sveiflaðist það frá 30 til 97 atvinnulausum eftir mánuðum, 1,7 til 3,4 %, mest er atvinnuleysið í janúar og júlí en er nokkurn vegin eins að meðaltali vegna árstíðabundinna starfa, t.d. loka fiskvinnslur yfir sumarið, mislengi og skip liggja bundin á sama tíma. Hótel og veitingastaðir loka hér hluta úr vetri og er fólki sagt upp í þeim tilvikum.

## Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við verslunareigendur og -rekendur á svæðinu eru með ágætum og engu yfir að kvarta með það.  Eftirlit hér hefur verið öflugt á síðasta ári og þessu og hefur það skilað árangri, enn er þó ekki komið að fullu fram hverju það skilar á endanum en töluvert hefur uppgötvast af brotalömum í starfsemi fyrirtækja, aðallega í bygginga- og ferðamannaiðnaði.

## Verkalýðsfélag Vestfirðinga

### Fjöldi félagsmanna og skipting miðað við 31. desember 2024

**Greiðandi félagsmenn**

| Aðildarfélag | Karlar | Konur | Karlar yngri en 70 | Konur yngri en 70 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 225 | 145 | 250 | 141 | 244 | 395 |

Verkalýðsfélag Vestfirðinga er deildarskipt félag með aðild að SGS, LÍV, SSÍ og Samiðn. Meðalfjöldi greiðandi félagsmanna í verslunardeild Verk Vest fyrir árið 2024 voru 395 og gjaldfrjálsir 39 eða alls 434. Fjölgar því töluvert í deildinni (voru alls 306 árið 2022).

Heildar(meðal)fjöldi greiðandi félagsmanna í öllum deildum félagins árið 2024 var 2.603 og alls 2.868 með gjaldfrjálsum sem njóta áfram ýmissa réttinda hjá félaginu eftir starfslok.

**Rekstur félagsins og húsnæði**
Félagið rekur tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Hafnarstræti 9 á Ísafirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.09.30 – 15.00. Félagið er einnig með útibú í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar sem opið er alla virka daga frá kl.09.30 – 15.00. Fjöldi starfsmanna eru 7,5 þar af 1 á Patreksfirði. Samningi um ráðgjafa Virk á Vestfjörðum var slitið 2024.

Heildariðgjöld ársins 2024 voru um 337 m.kr. og rekstrarafkoma jákvæð um 35 m.kr.

**Félagsstarf og fundir**
Félagsstjórn fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar. Fastir fundir trúnaðarráðs eru tveir að vori og hausti. Félagið fór í átak síðla árs 2024 til að manna stöður trúnaðarmanna en því miður ekki tókst að halda úti stað námskeiði fyrir trúnaðarmenn. Vinnustaðaeftirlit hjá félaginu hefur verið sinnt en því miður er eykst málafjöldi verulega eftir slíkar eftirlitsferðir.

**Starfsemi sjúkrasjóðs**
Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010 þegar skellurinn frá hruninu dundi yfir sjóðinn. Var árið 2021 algjör sprenging þegar kom að sjúkradagpeningum sem fóru þá í fyrsta skipti yfir 100 m.kr. múrinn. Sýnir samanburður fyrstu 9 mán. 2025 við sama tímabil 2024 umtalsverða lækkun sjúkradagpeninga milli ára. En 42,5% hækkun var á greiðslum sjúkradagpeninga milli ára 2023 og 2024.
Félagsfólk er duglegt að nýta styrkjakerfi sjóðsins og hafa greiðslur styrkja aukist töluvert milli ára eftir breytingar sem gerðar voru á styrkjum á aðalfundi 2022 og voru um 124 milljónir 2024. Iðgjöld til sjúkrasjóðs 2024 voru um 155,6 milljónir og afkoma jákvæð um rúmar 34 milljónir.

**Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa**
Félagið á og rekur sjö orlofsíbúðir í Reykjavík, eina íbúð á Akureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarsstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með alls 10 sumarbústaði. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélög í Arenales del sol við Alicante á Spáni.
Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskraði og Ölfusborgum. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðbundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2024 voru 94 milljónir og rekstrargjöld 80 milljónir.

**Atvinnumál á félagssvæðinu**
Smærri verslunar og þjónustufyrirtæki eiga áfram undir högg að sækja samt hefur störfum sem falla undir kjarasamning LÍV fjölgað frá 2022. Eftir að félagið fór í nokkurt átak að leiðrétta skráningu félagsmanna hefur fjölgað aðeins í deildinni. Á sama tíma kom í ljós að enn eru brögð á því að þeir sem vinna á starfssvæði verslunardeildar félagsins skv. kjarasamningi LÍV greiði enn iðgjöld til VR og sniðgangi deildina hjá félaginu. Félagið hefur ítrekað þurft að beina þeim skilaboðum til atvinnurekanda að VR eigi ekki félagssvæði á Vestfjörðum.

**Fræðslumál**

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna eru haldin hjá félaginu. Kjaramálanámskeið ásamt námskeiðshaldi um starfsemi og hlutverk stéttarfélaga fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð eru einnig hluti af árlegri starfsemi félagsins. Þá er félagið þátttakandi í samstarfsnámskeiðum með Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

**Útgáfu og kynningarmál**

Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu eru nánast aflagðar og áhugi sveitarfélaga til málefnisins mjög dapur. Sömu sögu er að segja um kynningar í grunn- og framhaldsskólum á svæðinu.

**Annað**

Stjórn Verk Vest áréttar að LÍV hafi forgöngu um samstarf við önnur landssambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök og kjaraviðræður á vettvangi ASÍ félaganna undanfarin ár hafa staðfest að við verðum að taka á þessum skipulagsmálum félagsmönnum okkar og tilverurétti stéttarfélaga til heilla. Ljóst er að SA er í herferð gagnvart hinu margumrædda „félagafrelsi" sem lítill áhugi virðist vera á innan miðstjórnar ASÍ að taka slaginn um í eitt skipti fyrir öll. Vinni SA þann slag má vera ljóst að yfir 100 ára barátta fyrir réttindum verður brotin á bak aftur í eitt skipti fyrir öll!

## Verkalýðsfélag Þórshafnar




| | |
